FJÁRMÁLATÍÐINDI

TÍMARIT UM EFNAHAGSMÁL
GEFIÐ ÚT AF HAGFRÆÐIDEILD
SEÐLABANKA ÍSLANDS
RITSTJÓRI: JÓHANNES NORDAL

OKTÓBER—DESEMBER 1961

Við áramót 163

Greiðslujöfnuður árið 1960 165

Framleiðsla og fjárfesting 1960 174

Inngangur 174
Landbúnaður 174
Útgerð og sjávarvöruiðnaður ... 177
Iðnaðarframleiðsla 183
Raforkuframleiðsla 183
Fjárfesting 183
Landbúnaður 184
Útgerð 186
Aukning skipastólsins 186
Raforkumál 187
Opinberar framkvæmdir 187
Húsbyggingar 189
Þróun íbúðabygginga árin 1956—1960 190

Lánveitingar 1959 og 1960 193

Fréttaþættir 198

Utanríkisviðskipti 198
Gjaldeyrisstaða bankanna 202
Úr skýrslum Efnahags- og framfarastofnunarinnar um Ísland . 204
Útgerð og aflabrögð 206
Landbúnaður 207
Verðlagsmál 209
Peningamarkaðurinn 210
Gengisskráning 219

Töflur ..... 199—220

Inn- og útflutningur eftir mánuðum 199
Útflutningur helztu vöruflokka . 199
Viðskipti við einstök lönd í millj. króna 200
Viðskipti við einstök lönd í hlutfallstölum (%) 201
Gjaldeyrisstaða bankanna 203
Fiskafli, sundurliðaður á togara og báta, mánaðarlega 206
Fiskafli, skipt á fisktegundir ... 207
Hagnýting fiskaflans 208
Framleiðsla og sala mjólkurafurða 208
Vísitala framfærslukostnaðar ... 209
Vísitala byggingarkostnaðar ... 209
Yfirlit úr reikningum banka og sparisjóða 211
Úr reikningum Seðlabankans ... 212
Úr reikningum viðskiptabanka og sparisjóða 213
Efnahagsreikningar Seðlabankans ..... 216—217
Efnahagsreikningar viðskiptabankanna 218
Gengisskráning hjá Seðlabanka Íslands ..... 219—220

Við áramót

I.

Eftir að þetta hefti Fjármálatíðinda var fullbúið til prentunar, hafa verið birtar ýmsar lokatölur um gjaldeyris- og peningamál á árinu 1961, sem varpa ljósi á þróun efnahagsmála á árinu í heild.

Benda þessar tölur eindregið til þess, að hagstæður jöfnuður hafi verið í heildarviðskiptum þjóðarbúsins út á við á árinu, enda batnaði gjaldeyrisstaða bankanna um 400 millj. kr., reiknað á núgildandi gengi. Jafnframt virðist hafa verið sæmilegt jafnvægi í peningamálum innan lands. Verður hér á eftir drepið í stuttu máli á þær upplýsingar, sem þegar liggja fyrir í þessum efnum.

II.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar var vöruskiptajöfnuðurinn óhagstæður á árinu 1961 um 130 millj. kr., og er þá útflutningur reiknaður á fob.-verði, en innflutningur cif., það er að segja að meðtöldum flutningsgjöldum og öðrum kostnaði. Sé hins vegar bæði inn- og útflutningur talinn á fob.-verði, kemur í ljós, að vöruskiptajöfnuðurinn hefur verið hagstæður um tæpar 100 millj. kr. á árinu, en nákvæmar tölur liggja enn ekki fyrir. Þessi hagstæði jöfnuður kemur meðal annars fram í því, að gjaldeyrisstaða bankanna hefur batnað stórlega, enda er nú ljóst, að náðst hefur hagstæður greiðslujöfnuður í heildarviðskiptum þjóðarbúsins við útlönd með vörur og þjónustu. Nemur hinn hagstæði greiðslujöfnuður verulegri upphæð eða samkvæmt bráðabirgðaáætlun um eða yfir 200 millj. kr., og er þetta fyrsta árið, síðan styrjöldinni lauk, sem ekki hefur verið greiðsluhalli á viðskiptum Íslendinga við aðrar þjóðir.

Gjaldeyrisstaðan batnaði hins vegar á árinu um 400 millj. kr. eða um allmiklu hærri upphæð en nemur hinum áætlaða greiðsluafgangi. Stafar þetta einkum af tvennu. Í fyrsta lagi voru á árinu notaðar 85 millj. kr. af óafturkræfu framlagi frá Bandaríkjunum og í öðru lagi jukust stutt vörukaupalán innflytjenda um 52 millj. kr. Aftur á móti er rétt að benda á, að samtímis því, að gjaldeyrisstaðan batnaði, jukust birgðir af útflutningsafurðum í landinu mjög verulega á árinu eða um 186 millj. kr.

III.

Þróunin í peningamálum var einnig yfirleitt hagstæð á árinu 1961. Sparisinnlán jukust um 550 millj. kr., sem er miklu meiri aukning en nokkru sinni fyrr. Jafnframt jukust veltiinnlán í bönkum um 236 millj. kr. Aukning útlána viðskiptabanka og sparisjóða var hins vegar 349 millj. kr. auk nýrra stofnlána að upphæð 288 millj. kr., sem notuð voru að mestu til að greiða stutt lán í bönkunum. Samtals nam því útlánaaukningin að meðtöldum stofnlánum 637 millj. kr.

Vegna mikillar aukningar innlána gátu bankarnir bætt stöðu sína gagnvart Seðlabankanum verulega á árinu þrátt fyrir mikla útlánaaukningu, en þessi bætta staða bankanna var svo aftur nauðsynleg forsenda þess, að Seðlabankinn gæti aukið gjaldeyriseign sína. Átti binding hluta af aukningu innlána í Seðlabankanum tvímælalaust meginþátt í því að tryggja þessa þróun og skapa þannig grundvöll að gjaldeyrisvarasjóði, sem nauðsynlegur er bæði fyrir frjáls viðskipti og efnahagslegt öryggi þjóðarinnar út á við.

IV.

Árangur sá, sem náðst hefur undanfarin tvö ár í því að bæta aðstöðu þjóðarbúsins út á við, er vissulega mikilvægur. Enn vantar þó allmikið á, að Íslendingar hafi eignazt nægilegan gjaldeyrisvarasjóð, þegar tekið er tillit til hinna miklu erlendu skulda og þeirra áfalla, sem aflabrestur og verðfall hafa hvað eftir annað leitt yfir þjóðina. Þjóðir með mun stöðugri efnahagsgrundvöll telja gjaldeyrisvarasjóð, er nægi fyrir þriggja mánaða útgjöldum, algert lágmark til öryggis. Enn vantar 300—400 millj. kr. til að varasjóðir Íslendinga nái því lágmarki.

Jafnframt er brýn þörf áframhaldandi aðhalds í peningamálum og fjármálum ríkisins til þess að koma í veg fyrir, að kaupgjald og verðlag gangi úr skorðum á ný. Þótt tekizt hafi að koma í veg fyrir, að kauphækkunaralda sú, sem gekk yfir þjóðarbúið á síðasta ári, hefði í för með sér greiðsluhalla við útlönd eða stöðvun útflutningsframleiðslunnar, hafa hinar almennu verðhækkanir, sem henni fylgdu, skapað rekstrarfjárskort og margvísleg önnur vandamál, sem aukið hafa hættuna á ofþenslu. Það hlýtur því að verða meginmarkmið stefnunnar í efnahagsmálum á árinu 1962 að tryggja stöðugt kaupgjald og verðlag, en það eru mikilvægustu forsendur þess, að það, sem áunnizt hefur í efnahagsmálum undanfarin tvö ár, beri fullan ávöxt í aukinni velsæld og traustum framförum.

J. N.

Greiðslujöfnuður árið 1960

Greiðslujöfnuðurinn við útlönd er bezti mælikvarðinn á afkomu þjóðarinnar út á við. Í þessari grein er skýrt frá greiðslufjöfnuði ársins 1960 og skiptingu á einstaka tekju- og gjaldaliði og á greiðslusvæði. Einnig er gerður samanburður við afkomu undanfarinna ára.

Inngangur.

Vöruskiptajöfnuðurinn, sem er mismunur á verðmæti innflutnings og útflutnings, er fremur ófullkominn mælikvarði á viðskipti þjóðarbúsins við umheiminn. Þótt inn- og útflutningur séu jafnan þýðingarmestu þættirnir í viðskiptum við útlönd, þá er margt annað, sem skiptir þar miklu máli, t. d. flutningar, tryggingar, vinnulaun, vaxtagreiðslur o. fl., en allar slíkar greiðslur eru kallaðar duldar greiðslur eða greiðslur fyrir þjónustu. Þegar upplýsingar eru fengnar um heildartekjur og gjöld þjóðarinnar út á við fyrir vörur og þjónustu og reiknaður mismunur þar á, fæst greiðslujöfnuðurinn við útlönd, en hann er oft frábrugðinn verzlunarjöfnuðinum. Helztu orsakir þess eru, að undanfarin ár hafa duldu gjaldeyristekjurnar verið meiri en gjöldin, einkum vegna tekna af framkvæmdum á vegum varnarliðsins. Greiðslujöfnuðurinn hefur því verið hagstæðari en verzlunarjöfnuðurinn. Þá er og þess að geta, að tölurnar um verzlunarjöfnuðinn, sem birtar eru í verzlunarskýrslum, eru miðaðar við fob.-verðmæti útflutnings, en cif.-verðmæti innflutnings. Verzlunarjöfnuðurinn verður þess vegna óhagstæðari en vera mundi, ef verðmæti inn- og útflutnings væri gert upp á sama grundvelli. Línurit á þessari síðu sýnir annars vegar, hve út- og innflutningur hefur verið mikill hluti



1. tafla. Fjármagnshreyfingar, nettó.

(Í millj. kr. á gengi, er gilti eftir 22. febrúar 1960.)

+ = Fé frá útlöndum, þ. e. a. s. lántökur eða lækkun innstæðna og rýrnun gjaldeyrisstöðu.
÷ = Fé til útlanda, þ. e. a. s. lánveitingar eða aukning innstæðna og bætt gjaldeyrisstaða.

	Langar lántökur	*Afborganir*	*Breyting á aðstöðu bankanna*	*Aðrar fjármagns-hreyfingar*	*Samtals*
1956	+ 362,5	÷ 66,8	÷ 35,0	+ 95,8	+ 356,5
1957	+ 502,4	÷ 105,9	+ 58,9	÷ 21,9	+ 433,5
1958	+ 387,5	÷ 146,1	+ 66,4	÷ 42,1	+ 265,7
1959	+ 436,1	÷ 246,7	+ 322,9	+ 40,0	+ 552,3
1960	+ 612,1	÷ 283,2	÷ 270,8	+ 303,2	+ 361,3

af heildargjaldeyristekjum og gjöldum fyrir vörur og þjónustu síðustu fimm árin. Hins vegar er sýndur mismunur á verzlunarjöfnuðinum og greiðslujöfnuðinum þessi ár. Tekið skal fram, að innflutningur er á þessu línuriti, eins og annars staðar í greininni, talinn fob., en ekki cif. eins og venjulega í verzlunarskýrslum, sbr. það, sem sagt er hér að framan. Tölurnar fyrir árin 1956—1959 hafa verið umreiknaðar til þess gengis, er gilti á árinu 1960.

Eins og línuritið sýnir, hefur orðið greiðsluhalli öll árin, og hefur hann verið jafnaður með fjármagnshreyfingum, aðallega með erlendum lántökum og breytingu á gjaldeyrisstöðu bankanna, eins og sjá má á 1. töflu um fjármagnshreyfingar og 6. töflu, er sýnir greiðsluhallann og hvernig hann er jafnaður.

Skipting greiðslujafnaðar eftir löndum.

Á 2. töflu má sjá greiðslujöfnuðinn fyrir vörur og þjónustu árin 1956—1960, skipt á landsvæði. Tölurnar fyrir árin 1956—1959 hafa verið umreiknaðar til þess gengis, sem gilti á árinu 1960. Til sterlinggreiðslusvæðisins telst auk Bretlands Írland, brezkar nýlendur og sambandslönd önnur en Kanada. Til annarra O.E.E.C.-landa teljast öll þátttökuríki í Efnahagssamvinnustofnun Evrópu önnur en Bretland og Írland. Spánn bættist í tölu þátttökuríkja Efnahagssamvinnustofnunarinnar á árinu 1959 og er í öllum töflum í þessari grein talinn með O.E.E.C.-löndum á árunum 1959 og 1960, en með öðrum löndum á árunum 1956—1958.

Greiðslujöfnuðurinn við Bandaríkin og Kanada hefur verið hagstæður öll árin, sem taflan nær yfir, en því valda hinar miklu duldu tekjur, sem Íslendingar hafa haft vegna bandaríska varnarliðsins. Hinn hagstæði jöfnuður í dollurum hefur svo verið notaður til jöfnunar á viðskiptum við sterling- og O.E.E.C.-lönd, sem hafa verið mjög óhagstæð öll árin, eins og taflan sýnir, nema á árinu 1960, að jöfnuðurinn var hagstæður við sterlingsvæðið.

Fimmta tafla sýnir helztu liði greiðslujafnaðarins 1960, skipt á greiðslusvæði. Þar má sjá, að vöruskiptin hafa verið óhagstæð við öll greiðslusvæðin nema sterlingsvæðið, og hinn hagstæði jöfnuður við það á rót sína að rekja til viðskipta við sterlingsvæðið utan Evrópu. Þjónustujöfnuðurinn hefur hins vegar verið hagstæður við Bandaríkin, en óhagstæður við sterlingsvæðið og þátttökulönd í O.E.E.C. Taflan sýnir fjármagnshreyfingar brúttó, en aðrar töflur í greininni sýna fjármagnshreyfingar að nokkru leyti nettó.

Skýringar við einstaka liði greiðslujafnaðarins.

Þriðja tafla sýnir sundurliðað yfirlit yfir greiðslujöfnuðinn við útlönd á árunum 1956—1960. Á árinu 1960 eru öll verðmæti umreiknuð í krónur á því gengi, sem gilti

2. tafla. Greiðslujöfnuður fyrir vörur og þjónustu 1956—1960, skipt á lönd.

(Í millj. kr. á gengi, er gilti eftir 22. febrúar 1960.)

	Bandaríkin og Kanada	*Sterling-greiðslu-svæðið*	*Önnur OEEC-lönd*	*Rússl. og Austur-Evrópa*	*Önnur lönd*	*Samtals*
1956						
Gjöld	692,9	699,2	1.244,4	779,2	475,6	3.891,3
Tekjur	977,8	511,8	919,8	784,3	318,1	3.511,8
Greiðslujöfnuður	+ 284,9	÷ 187,4	÷ 324,6	+ 5,1	÷ 157,5	÷ 379,5
1957						
Gjöld	573,9	713,5	1.132,3	897,4	309,2	3.626,3
Tekjur	715,4	581,2	807,7	839,4	294,5	3.238,2
Greiðslujöfnuður	+ 141,5	÷ 132,3	÷ 324,6	÷ 58,0	÷ 14,7	÷ 388,1
1958						
Gjöld	659,5	576,3	1.287,2	953,3	325,8	3.802,1
Tekjur	971,7	471,8	928,5	941,3	276,5	3.589,8
Greiðslujöfnuður	+ 312,2	÷ 104,5	÷ 358,7	÷ 12,0	÷ 49,3	÷ 212,3
1959						
Gjöld	801,4	614,2	1.531,9	962,8	243,0	4.153,3
Tekjur	1.108,9	513,4	945,3	895,8	173,2	3.636,6
Greiðslujöfnuður	+ 307,5	÷ 100,8	÷ 586,6	÷ 67,0	÷ 69,8	÷ 516,7
1960						
Gjöld	731,9	635,9	1.863,8	726,7	246,2	4.204,5
Tekjur	1.051,4	736,3	1.136,0	693,8	172,8	3.790,3
Greiðslujöfnuður	+ 319,5	+ 100,4	÷ 727,8	÷ 32,9	÷ 73,4	÷ 414,2

Skýringar við 2. töflu. Til sterlinggreiðslusvæðisins er talið auk Bretlands Írland, brezkar nýlendur og sambandslönd önnur en Kanada. Til annarra O.E.E.C.-landa teljast öll þátttökuríki í Efnahagssamvinnustofnun Evrópu önnur en Bretland og Írland.

eftir 22. febrúar 1960. Á árunum 1956—1959 eru verðmæti hins vegar reiknuð á opinberu gengi án yfirfærslubóta og gjalda. Fjórða tafla sýnir helztu liði greiðslujafnaðarins 1956—1960, þar sem tölurnar fyrir 1956—1959 hafa verið umreiknaðar til þess gengis, sem gilti eftir gengisbreytinguna í febrúar 1960, og eru tölurnar í fjórðu töflu því sambærilegar fyrir öll árin. Á fjórðu töflu er greiðsluhallinn auk þess sýndur bæði í heild og án skipainnflutnings. Sést þar, að sé skipainnflutningur frátalinn, var greiðslujöfnuðurinn hagstæður um rúmlega 158 millj. kr. á árinu 1960. Á árinu 1958 var jöfnuðurinn á sama hátt hagstæður um 3,8 millj. kr. Hin árin, sem taflan sýnir, var greiðslujöfnuðurinn óhagstæður, þó að innflutningur skipa sé dreginn frá.

Línurit á 170. bls. sýnir greiðsluhallann sl. 10 ár ásamt skipainnflutningi á sama tímabili. Sést þar, að skipainnflutningur hefur verið meiri en greiðsluhallanum nemur á árunum 1954, 1958 og 1960.

Greiðslujöfnuðurinn er saminn af hagfræðideild Seðlabankans, og eru upplýsingar fengnar frá ýmsum fyrirtækjum og opinberum aðilum. Þær eru víða ófullnægjandi, þannig að þurft hefur að gera áætlanir á einstökum liðum, en þær eru að sjálfsögðu ekki nákvæmar. Mætti t. d. benda á, að væru

3. tafla. *Greiðslujöfnuður við útlönd.*

(Í millj. kr.)

A. Vörur og þjónusta.

Gjöld:	1956	1957	1958	1959	1960
1. Innfluttar vörur (fob), tollafgreiddar	1.268,6	1.153,2	1.221,9	1.334,9	3.117,6
2. Innfluttar vörur v/ varnarliðsins (fob)	18,0	10,2	30,6	26,5	71,7
3. Ferða- og dvalarkostnaður erlendis	35,7	39,5	39,1	45,7	108,6
4. Vinnulaun	19,5	24,8	23,5	16,5	21,5
5. Útgjöld ísl. skipa erlendis	74,4	69,6	72,2	83,8	217,2
6. Greiðslur til áhafna skipa og flugvéla í erl. gjaldeyri	16,4	16,5	15,1	20,6	49,1
7. Farmgjöld til erlendra skipa	89,7	60,1	37,7	28,9	57,7
8. Útgjöld til ísl. flugvéla erlendis	50,5	74,0	81,7	90,9	214,2
9. Tryggingaiðgjöld til útlanda	47,7	51,8	54,0	65,5	156,8
10. Vextir af skuldum til útlanda	18,4	24,5	24,8	35,2	111,5
11. Erl. kostnaður við utanríkisþjónustu	9,3	9,3	7,6	8,0	19,3
12. Gjöld pósts og síma	5,6	5,1	5,1	5,8	13,3
13. Ýmislegt	11,3	13,1	13,6	14,9	46,0
Alls	1.665,1	1.551,7	1.626,9	1.777,2	4.204,5
Tekjur:					
14. Útfluttar vörur (fob)	1.031,0	986,6	1.069,1	1.059,5	2.541,5
Birgðabreyting erlendis	—	—	÷ 16,0	÷ 16,8	13,9
Útflutningur alls	1.031,0	986,6	1.053,1	1.042,7	2.555,4
15. Tekjur af erl. ferðamönnum	2,1	4,9	3,0	6,3	24,2
16. Farmgjöld ísl. skipa í millilandafl.	64,7	51,3	69,7	68,2	184,4
17. Fargjöld útlendinga með ísl. skipum	1,6	1,2	1,6	1,7	6,3
18. Tekjur af erl. skipum (hafnargj. o. fl.)	7,0	10,4	10,8	3,7	15,5
19. Tekjur ísl. flugvéla	52,5	72,2	88,2	111,0	278,8
20. Erl. framlög vegna flugumferðarstj.	10,7	16,8	13,9	9,9	20,5
21. Olíusala til erl. flugvéla	35,6	29,6	20,5	24,3	43,9
22. Tekjur af flutn. innan lands o. fl.	14,7	7,8	8,1	9,2	13,6
23. Tjónabætur frá erl. tryggingafélögum	44,4	46,5	38,9	47,5	104,9
24. Vaxtatekjur frá útlöndum	2,9	3,1	3,3	4,7	10,0
25. Tekjur af erlendum sendiráðum	13,3	8,8	7,1	8,9	23,0
26. Tekjur vegna varnarliðsins	207,0	133,2	203,6	200,5	394,1
27. Tekjur pósts og síma	4,0	3,7	3,5	4,0	13,1
28. Ýmislegt	11,2	9,5	10,8	13,5	102,6
Alls	1.502,7	1.385,6	1.536,1	1.556,1	3.790,3
Greiðsluhalli	162,4	166,1	90,8	221,1	414,2
Alls	1.665,1	1.551,7	1.626,9	1.777,2	4.204,5

3. tafla (framhald).

B. Fjármagnshreyfingar.

	1956	1957	1958	1959	1960
Til útlanda:					
1. Afborganir af lánum einkaaðila	13,5	23,6	29,1	40,8	103,2
2. Fyrirframgr. fyrir skip ókomin í árslok	14,0	14,0	28,2	41,0	22,3
3. Aukning á lausafé einkaaðila, nettó	—	28,0	10,4	—	—
4. Afborganir af lánum opinberra aðila	15,1	21,7	33,4	64,8	180,0
5. Aukning á erl. verðbréfaeign Seðlab.	—	—	12,1	34,2	—
6. Aukning á innst. banka (og ríkissj.), nettó	17,0	—	—	—	362,2
7. Framlag til Alþjóðabanka og Alþjóðagjaldeyrissjóðs	—	—	—	8,1	4,9
Alls	59,6	87,3	113,2	188,9	672,6
Mismunur (umfram frá útlöndum)	152,5	185,5	113,7	236,3	361,3
Alls	212,1	272,8	226,9	425,2	1.033,9
Frá útlöndum:					
8. Lántökur einkaaðila (lánsfé notað á árinu)	57,5	48,8	34,0	69,1	322,9
9. Fyrirfr.gr. fyrri ára fyrir skip innfl. á árinu	10,0	12,0	13,5	23,1	115,4
10. Lántökur opinb. aðila (lánsfé notað á árinu)	97,6	166,2	131,8	117,5	289,2
11. Lækkun á lausafé og aukning lausaskulda einkaaðila, nettó	45,0	—	—	20,3	206,0
12. Lækkun á verðbréfaeign Seðlabankans	2,0	—	—	—	—
13. Lækkun á innstæðum banka, nettó	—	25,2	40,5	172,4	91,4
14. Innstæður erlendra aðila	—	20,6	7,1	22,8	9,0
Alls	212,1	272,8	226,9	425,2	1.033,9

C. Yfirlit.

1. Vörur og þjónusta, greiðslujöfnuður	÷ 162,4	÷ 166,1	÷ 90,8	÷ 221,1	÷ 414,2
2. Fjármagnshreyfingar, innkomið nettó	152,5	185,5	113,7	236,3	361,3
3. Mismunur, þ.e.a.s. skekkjur og vantalið nettó	÷ 9,9	19,4	22,9	15,2	÷ 52,9

Ath. Verðmæti innfluttrar vöru eins og annarra liða greiðslujafnaðarins er umreiknað í íslenzkar krónur, miðað við kaupgengi. Miðað er við opinberlega skráð gengi 1956—1959, en 1960 er miðað við það gengi, sem gilti eftir 22. febrúar 1960.



Samanburður á greiðsluhalla og skipainnflutningi 1951—1960.
(Á gengi, er gilti eftir 22. febrúar 1960.)

nákvæmar upplýsingar fyrir hendi, ætti mismunur á fjármagnshreyfingum að vera jafnhár greiðsluhallanum á vörum og þjónustu og vega þannig upp á móti honum. Samkvæmt yfirlitinu hefur greiðsluhallinn hins vegar orðið 52,9 millj. kr. hærri 1960, 15,2 millj. kr. lægri 1959, 22,9 millj. kr. lægri 1958, 19,4 millj. kr. lægri 1957 og 9,9 millj. kr. hærri 1956.

Vörur og þjónusta. Innflutningur (1 og 2) er talinn á fob.-verði, það er á verði í útflutningslandinu, en ekki cif. eins og venjulega í verzlunarskýrslum. Enn fremur er innflutningur, eins og aðrir liðir greiðslujafnaðarins, umreiknaður í íslenzkar krónur miðað við kaupgengi, en ekki sölugengi eins og í verzlunarskýrslum. Útflutningur er talinn á fob.-verði, það er söluverði afurða fluttra í skip í útflutningshöfn. Til þess að fá sambærilegt verð á ísfisk, sem fluttur er af fiskimiðum með íslenzkum skipum til sölu í erlendum höfnum, er dreginn frá söluverði hans innflutningstollur og áætlaður sölukostnaður erlendis ásamt áætlaðri upphæð á tonn fyrir flutningskostnaði. Flutningskostnaður þessi telst svo til tekna í liðnum farmgjöld íslenzkra skipa í millilandaflutningum. Sama máli gegnir um saltfisk, sem fluttur er með íslenzkum skipum af miðum til sölu erlendis, að frá söluverði hans er dreginn áætlaður sölu- og flutningskostnaður. Liðurinn birgðabreyting erlendis er vegna birgðabreytingar á freðfiski, sem seldur er í umboðssölu í Bandaríkjunum, en birgðir þar jukust á árunum 1958 og 1959, en minnkuðu 1960.

Í liðnum ferða- og dvalarkostnaður (3) eru námskostnaður og almennur ferða- og dvalarkostnaður aðalþættirnir. Upphæðirnar eru teknar samkvæmt gjaldeyrissölu gegn leyfum gjaldeyrisyfirvalda, og vantar því að sjálfsögðu mjög á, að allt komi fram um almennan ferða- og dvalarkostnað. Á árinu 1960 nam upphæð námskostnaðar 37,5 millj. kr., en upphæð almenns ferða- og dvalarkostnaðar 65,9 millj. kr.

Í liðnum erlendur kostnaður við utanríkisþjónustu (11) er innifalið auk kostnaðar við rekstur sendiráða og ræðismannaskrifstofa erlendis kostnaður við opinberan

4. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd 1956—1960.

(Samandregið yfirlit umreiknað á gengi, sem gilti eftir 22. febrúar 1960.)

A. Vörur og þjónusta.

Gjöld:	*1956*	*1957*	*1958*	*1959*	*1960*
1. Innfluttar vörur (fob.) án skipa	2.762,1	2.598,7	2.639,5	2.862,4	2.544,9
2. Innflutt skip	202,6	96,3	216,1	257,3	572,7
3. Innfluttar vörur v/ varnarliðsins (fob.)	42,1	23,8	71,5	61,9	71,7
4. Ferðalög	83,4	92,3	91,4	106,8	108,6
5. Samgöngur	539,8	514,6	483,0	523,9	538,2
6. Tryggingar	111,5	121,1	126,2	153,1	156,8
7. Vextir	43,0	57,3	58,0	82,3	111,5
8. Ýmislegt	106,8	122,2	116,4	105,6	100,1
Alls	3.891,3	3.626,3	3.802,1	4.153,3	4.204,5
Tekjur:					
9. Útfluttar vörur (fob.)	2.409,4	2.305,7	2.461,1	2.436,8	2.555,4
10. Ferðalög	4,9	11,5	7,0	14,7	24,2
11. Samgöngur	436,6	442,4	497,3	532,8	563,0
12. Tryggingar	103,8	108,7	90,9	111,0	104,9
13. Vextir	6,8	7,2	7,7	11,0	10,0
14. Varnarliðið	483,7	311,3	475,8	468,6	394,1
15. Ýmislegt	66,6	51,4	50,0	61,7	138,7
Alls	3.511,8	3.238,2	3.589,8	3.636,6	3.790,3
Greiðsluhalli án skipa	176,9	291,8	÷ 3,8	259,4	÷ 158,5
Skipainnflutningur	202,6	96,3	216,1	257,3	572,7
Greiðsluhalli alls	379,5	388,1	212,3	516,7	414,2
Alls	3.891,3	3.626,3	3.802,1	4.153,3	4.204,5

B. Fjármagnshreyfingar.

Til útlanda:					
1. Afborganir af lánum einkaaðila	31,5	55,2	68,0	95,3	103,2
2. Fyrirframgr. fyrir skip ókomin í árslok	32,7	32,7	65,9	95,8	22,3
3. Aðrar fjármagnshreyfingar einkaaðila, nettó	—	65,4	24,3	—	—
4. Afborganir af lánum opinberra aðila	35,3	50,7	78,1	151,4	180,0
5. Aðrar fjármagnshreyfingar opinberra aðila, nettó	35,0	—	—	—	275,7
Alls	134,5	204,0	236,3	342,5	581,2
Mismunur (umframfé frá útlöndum)	356,5	433,5	265,7	552,3	361,3
Alls	491,0	637,5	502,0	894,8	942,5
Frá útlöndum:					
6. Lántökur einkaaðila	134,4	114,0	79,5	161,5	322,9
7. Fyrirfr.gr. fyrri ára fyrir skip innfl. á árinu	23,4	28,0	31,5	54,0	115,4
8. Aðrar fjármagnshreyfingar einkaaðila, nettó	105,1	—	—	47,4	206,0
9. Lántökur opinberra aðila	228,1	388,4	308,0	274,6	289,2
10. Innstæður erlendra aðila	—	48,2	16,6	53,3	9,0
11. Aðrar fjármagnshreyfingar opinberra aðila, nettó	—	58,9	66,4	304,0	—
Alls	491,0	637,5	502,0	894,8	942,5

C. Yfirlit.

1. Vörur og þjónusta, greiðslujöfnuður	÷ 379,5	÷ 388,1	÷ 212,3	÷ 516,7	÷ 414,2
2. Fjármagnshreyfingar, innkomið nettó	356,5	433,5	265,7	552,3	361,3
3. Mismunur, þ. e. skekkjur og vantalið nettó	÷ 23,0	45,4	53,4	35,6	÷ 52,9

5. tafla. *Greiðslujöfnuður 1960, skipt á lönd.*

(Í millj. kr.)

A. Vörur og þjónusta:	*Bandaríkin og Kanada*		*Sterling-greiðslu-svæðið*		*Önnur OEEC-lönd*		*Rússland og Austur-Evrópa*		*Önnur lönd*		*Samtals*	
	Gjöld	*Tekjur*	*Gjöld*	*Tekjur*	*Gjöld*	*Tekjur*	*Gjöld*	*Tekjur*	*Gjöld*	*Tekjur*	*Gjöld*	*Tekjur*
1. Inn- og útflutn. (fob.)	440,7	372,0	317,7	516,5	1.462,2	898,3	678,1	623,4	218,9	145,2	3.117,6	2.555,4
2. Ferðalög	16,3	13,3	38,5	4,6	53,2	5,5	0,4	0,4	0,2	0,4	108,6	24,2
3. Samgöngur	135,4	220,3	124,7	90,7	232,8	179,1	40,8	47,8	4,5	25,1	538,2	563,0
4. Tryggingar	24,7	12,5	121,0	88,7	10,6	3,7	0,2	—	0,3	—	156,8	104,9
5. Vextir	36,2	6,9	10,2	1,0	43,8	1,6	3,0	—	18,3	0,5	111,5	10,0
6. Varnarliðið	61,0	394,1	10,7	—	—	—	—	—	—	—	71,7	394,1
7. Ýmislegt	17,6	32,3	13,1	34,8	61,2	47,8	4,2	22,2	4,0	1,6	100,1	138,7
Samtals	731,9	1.051,4	635,9	736,3	1.863,8	1.136,0	726,7	693,8	246,2	172,8	4.204,5	3.790,3
B. Fjármagnshreyfingar:	*Út*	*Inn*	*Út*	*Inn*	*Út*	*Inn*	*Út*	*Inn*	*Út*	*Inn*	*Út*	*Inn*
1. Löng lán einkaaðila	34,4	23,9	18,5	2,9	48,5	286,7	1,8	9,4	—	—	103,2	322,9
2. Aðrar fjármagnshreyfingar einkaaðila	1,5	5,4	—	57,8	16,4	152,9	7,8	108,4	1,5	1,8	27,2	326,3
3. Löng lán opinb. aðila	28,3	233,3	11,7	5,2	111,6	50,7	17,4	—	11,0	—	180,0	289,2
4. Aðrar fjármagnshreyfingar opinb. aðila	341,2	90,8	253,8	—	88,2	—	116,3	—	430,6	872,6	1.230,1	963,4
Samtals	405,4	353,4	284,0	65,9	264,7	490,3	143,3	117,8	443,1	874,4	1.540,5	1.901,8

6. tafla. *Greiðsluhallinn og fjáröflun vegna hans 1956—1960.*

(Í millj. kr. á gengi, er gilti eftir 22. febrúar 1960.)

Fjárþörf:	*1956*	*1957*	*1958*	*1959*	*1960*
Greiðsluhalli á vörum og þjónustu	379,5	388,1	212,3	516,7	414,2
Afborganir af erlendum lánum	66,8	105,9	146,1	246,7	283,2
Aðrar fjármagnshreyfingar, nettó	÷118,8	67,3	95,5	÷ 4,3	÷356,1
Samtals	327,5	561,3	453,9	759,1	341,3
Fjáröflun:					
Lántökur einkaaðila	134,4	114,0	79,5	161,5	322,9
Lántökur opinberra aðila	228,1	388,4	308,0	274,6	289,2
Samtals	362,5	502,4	387,5	436,1	612,1
Mismunur:					
Bætt gjaldeyrisstaða	35,0	—	—	—	270,8
Rýrnun á gjaldeyrisstöðu	—	58,9	66,4	323,0	—

erindrekstur erlendis og framlög til alþjóðastofnana. Við ákvörðun á liðnum tekjur af erlendum ferðamönnum (15) hefur eingöngu verið stuðzt við það, sem skilað hefur verið til bankanna af ferðamannagjaldeyri.

Eftirfarandi tölur sýna sundurliðun á farmgjaldatekjum íslenzkra skipa í millilandaflutningum (16) síðastliðin tvö ár í millj. kr.:

	1959	*1960*
Af útflutningi ísfisks	4,6	20,2
Af öðrum útflutningi	63,6	150,9
Af öðrum flutningi	—	13,3
Samtals	68,2	184,4

Tekjur vegna varnarliðsins (26) eru tekjur af olíusölu til bandaríska varnarliðsins, tekjur vegna byggingarstarfsemi og vegna annarra útgjalda þess hér á landi. Byggingarefni og annað, sem flutt er inn og selt varnarliðinu, er fært til gjalda á 2. lið.

Ýmisleg útgjöld og tekjur (13 og 28) eru einkum umboðslaun, leiga fyrir kvikmyndir, greiðslur fyrir tækniþjónustu og fleira, sem ekki er talið annars staðar.

Fjármagnshreyfingar. Lántökur einkaaðila árin 1956—1960 eru einkum vegna skipa- og flugvélakaupa. Sömuleiðis eru afborganir af lánum einkaaðila að mestu leyti vegna slíkra lána. Erlendar lántökur, bæði einkaaðila og opinberra aðila, eru hér taldar með þeirri fjárhæð, sem talin hefur verið notuð á viðkomandi ári. Er oft mikill munur á því á hverju einstöku ári, hvað samið hefur verið um af erlendum lánum og hinu, hve mikið hefur verið notað. Frekari upplýsingar um erlendar lántökur 1960 er að finna í 2. hefti Fjármálatíðinda 1961, 112.–115. bls.

Liðurinn framlag til Alþjóðabanka og Alþjóðagjaldeyrissjóðs, sem er 8,1 millj. kr. 1959, er aukning á framlagi til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á því ári. Á árinu 1960 eru öll viðskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn innifalin í gjaldeyrisstöðu bankanna og koma því ekki fram sem sérstakur liður. Hins vegar kemur undir þennan lið nettóaukning á framlagi til Alþjóðabankans, þ. e. sá hluti af framlaginu, sem greiddur var í dollurum og nam 4,9 millj. kr. 1960.

Liðurinn innstæður erlendra aðila er innstæða, sem Bandaríkjamenn hafa eignazt hér samkvæmt samningi við þá um kaup á landbúnaðarvörum. Aðrir liðir á greiðslujafnaðaryfirlitinu ættu ekki að þurfa sérstakra skýringa við.

Framleiðsla og fjárfesting 1960

Í þessari grein er fjallað um heildarframleiðslu og heildarfjárfestingu í einstökum greinum atvinnulífsins árið 1960.

Inngangur.

Þar eð endanlegar tölur frá Framkvæmdabanka Íslands um heildarframleiðslu ársins 1960 liggja ekki enn fyrir, verður ekki að þessu sinni hægt að birta neinar tölur þar að lútandi. Hins vegar er líklegt, að framleiðsluaukningin hafi orðið minni en áður vegna aflabrests og lægra verðs á útflutningsafurðum. Verður hér á eftir gerð grein fyrir einstökum þáttum framleiðslu og fjárfestingar og þróun þeirra. Rætt verður um framleiðslu landbúnaðar- og sjávarafurða og raforkuframleiðsluna. Upplýsingar um iðnaðarframleiðslu liggja ekki fyrir nema að litlu leyti. Gerð verður grein fyrir fjárfestingu eftir atvinnuvegum, fjárfestingu á vegum opinberra aðila og húsbyggingum.

Framleiðsla.

Landbúnaður.

Veðráttan árið 1960 var landbúnaðinum mjög hagstæð. Vorið var yfirleitt hlýtt, og á Norðurlandi hófst sláttur almennt um miðjan júnímánuð, en nokkru seinna á Suðurlandi, þar sem jörð var of rök vegna óvenju mikillar úrkomu í júnímánuði. Sumarið var gott alls staðar á landinu nema á Norðaustur- og Austurlandi, þar sem úrkoma var mikil, einkum við sjávarsíðuna. Var heyskapartíð því allerfið á þessum stöðum. Aftur á móti var haustveðráttan mjög mild um allt land, og festi snjó vart í byggð allt til nóvemberloka.

Sauðfjárafurðir. Í sláturhúsum var slátrað tæplega 714 þús. fjár, og er það 3,3% meira en árið á undan. Meðalþungi dilka var aðeins meiri en tvö næstu árin á undan. Kjötmagn af fé slátruðu í sláturhúsum jókst þannig um 366 tonn eða 3,7%. Tölur um heimaslátrun eru áætlaðar af Hagstofu Íslands, og er skipting í dilka og fullorðið fé mjög ónákvæm. Alls mun kjöt af heimaslátruðu hafa numið um 890 tonnum, sem er svipað magn og árið áður, en tölur um heimaslátrun, sem birtar voru í fyrra, reyndust of háar. Birgðir kindakjöts minnkuðu um 917 tonn á árinu 1960 eða úr 6.739 tonnum í ársbyrjun í 5.822 í árslok. En þess ber að geta, að útflutningur frysts kindakjöts jókst um 382 tonn á árinu 1960 eða úr 2.645 tonnum í 3.027 tonn.

Mjólkurafurðir. Móttekin mjólk í mjólkursamlögum nam alls tæplega 76 þús. tonnum, sem er 9,1% aukning frá árinu áður. Kom þessi aukning aðallega fram á síðara hluta ársins. Eitt nýtt mjólkursamlag tók til starfa á árinu, Mjólkurstöð Kaupfélagsins Fram á Norðfirði. Hlutfallslega varð mest aukning á móttekinni mjólk hjá þeim þrem mjólkursamlögum, er tóku til starfa á árinu 1959, þar eð þau störfuðu ekki nema hluta af því ári. Sala nýmjólkur jókst enn á árinu 1960 eða um 7,8% og var rúmlega 35 þús. lítrar. Sala rjóma jókst einnig tölu-



Nautgripaeignin og mjólkurmóttaka í þúsundum tonna 1951—1960.

vert eða um 3,5%. Smjörframleiðsla jókst um tæp 190 tonn eða 20,5%, og var ekki þörf að flytja inn smjör eins og á árinu 1959, þegar flutt voru inn 99 tonn af dönsku smjöri. Birgðir smjörs voru í árslok 1960 164 tonn og höfðu aukizt um 41 tonn á árinu. Framleiðsla á mjólkurosti dróst allmikið saman á árinu eða um 21,4%. Sala á mjólkurosti varð hins vegar svipuð, og var því um verulega birgðarýrnun að ræða. Framleiðsla á öðrum afurðum var svipuð og árið á undan, nema hvað töluverð aukning varð á framleiðslu undanrennu í kasein og undanrennudufti.

Aðrar búgreinar. Hrossaræktin hefur verið litlum breytingum undirorpin. Fjöldi hrossa við árslok hefur verið áætlaður rúmlega 30 þús. Er það nálega sama tala og árið á undan. Nokkur útflutningur hrossa hefur átt sér stað undanfarin ár, og árið 1960 voru flutt út 218 hross. Hrossakjötsframleiðslan er áætluð um 1.250 tonn á árinu, en það er 250 tonnum minna en áætlað var árið áður.

Áætlanir hafa verið gerðar um framleiðslu alls annars kjöts, svo sem tilgreint er hér á eftir (tölur í svigum eru frá 1959): nautgripakjöt 1.600 (2.000) tonn; hausar, hjörtu og lifur 1.500 (1.500) tonn; kjöt af hval, sel, fuglum og svínum, svo og lax og silung 1.400 (1.350) tonn. Tölur þessar eru samkvæmt Árbók Landbúnaðarins.

Eins og á undanförnum árum eru skýrslur um alifuglarækt mjög ófullkomnar, en tölur um eggjaframleiðslu og fjölda varphæna hafa verið reiknaðar út frá fóðurnotkuninni. Samkvæmt þeirri áætlun hefur enn orðið nokkur fækkun á fjölda varphæna eða um 8,3% og fjöldi þeirra áætlaður 110 þús. árið 1960. Eggjaframleiðslan dróst einnig nokkuð saman á árinu og er áætluð um 880 tonn.

Garðrækt og kornrækt. Garðræktin gekk mjög vel á árinu sökum hagstæðrar veðráttu. Kartöfluuppskeran var með allra bezta móti eða samtals 110 þús. tunnur á móti 70 þús. tunnum árið áður. Uppskera annarra garðávaxta hefur verið áætluð sem hér segir (tölur í svigum eru fyrir 1959): tómatar 336 (285) tonn eða 17,9% aukning frá árinu áður, gúrkur 150 (100) tonn eða 50% aukning, blómkál 50 (30) þús. hausar eða 66,7% aukning, hvítkál 215 (90) tonn eða 138,9% aukning, gulrætur 110 (110) tonn og salat 47 (50) þús. hausar eða 6% minnkun frá árinu áður. Gulrófnauppskeran mun hafa orðið um 38 tonn á árinu, en upplýsingar skortir um framleiðsluna á árinu 1959. Auk þessa var framleiðsla blóma mjög mikil á árinu 1960 og mun hafa numið að verðmæti 4—5 millj. kr. Ylræktin hefur vaxið hægt en örugglega á undanförnum árum, og hafa gróðurhúsin stækkað árlega um nokkur hundruð, stundum jafnvel þúsund, fermetra og voru síðastliðið ár rúmlega 9 ha.

1. tafla. Sauðfjárslátrun og framleiðsla sauðfjárafurða 1956—1960.

	1956	1957	1958	1959	1960	Aukning frá 1959 til 1960
Fjöldi sauðfjár:						
Dilkar í sláturhús	465.177	512.262	646.183	651.069	670.588	2,9%
Fullorðið fé í sláturhús	33.878	25.881	37.669	40.211	43.321	7,7%
Samtals	499.055	538.143	683.852	691.280	713.909	3,3%
Heimaslátrun:						
Dilkar	50.000	46.266	40.000	30.200	29.900	÷ 1,0%
Fullorðið fé	53.930	40.000	35.902	15.100	15.000	÷ 0,7%
Heildartala sláturfjár	602.985	624.347	759.754	736.580	758.809	3,0%
Kjötframleiðsla:						
Dilkakjöt í sláturhús tonn	6.910	7.707	9.124	9.189	9.485	3,2%
Kjöt af fullorðnu í sláturhús tonn	748	591	795	832	902	8,4%
Samtals tonn	7.658	8.298	9.919	10.021	10.387	3,7%
Heimaslátrun:						
Dilkar tonn	743	696	500	420	415	÷ 1,2%
Fullorðið fé tonn	1.213	1.000	911	480	475	÷ 1,0%
Heildarslátrun sauðfjár tonn	9.614	9.993	11.330	10.921	11.277	3,3%
Meðalþungi dilka (haustslátrun) kg	14,85	15,04	14,12	14,11	14,14	0,2%
Gæruframleiðsla 1000 stk.	603	624	760	763	768	0,7%
Ullarframleiðsla tonn	630	700	780	800	845	5,6%

2. tafla. Innvegin mjólk í mjólkursamlögin 1956—1960

	1956 tonn	1957 tonn	1958 tonn	1959 tonn	1960 tonn	Aukning frá 1959 til 1960
Mjólkurstöðin í Reykjavík	6.920	7.417	7.182	6.855	6.954	1,4%
Mjólkurstöðin á Akranesi	1.517	1.710	1.798	1.813	1.709	÷ 5,7%
Mjólkursamlag Borgfirðinga	5.103	6.141	7.208	6.708	7.041	5,0%
Mjólkursamlag Kaupf. Ísfirðinga	1.033	1.138	1.196	1.167	1.261	8,1%
Mjólkursamlag Kaupf. V.-Hún.	—	—	—	566	1.604	183,4%
Mjólkursamlag Kaupf. A.-Hún.	2.542	2.545	2.653	2.744	2.742	÷ 0,1%
Mjólkursamlag Kf. Skagfirðinga	2.633	2.894	3.104	3.415	3.870	13,3%
Mjólkursamlag Kf. Ólafsfjarðar	—	—	—	198	278	40,4%
Mjólkursamlag KEA, Akureyri	11.951	12.989	13.245	13.516	14.731	9,0%
Mjólkursamlag Kf. Þing., Húsavík	2.327	2.742	2.976	3.254	3.846	18,2%
Mjólkurbú Kf. A.-Skaftf.	178	359	527	551	706	28,1%
Mjólkursamlag Kaupf. Héraðsbúa	—	—	—	352	662	88,1%
Mjólkurstöð Kf. Fram, Norðfirði	—	—	—	—	429	—
Mjólkurbú Flóamanna	25.382	28.452	29.291	28.437	30.084	5,8%
Samtals	59.286	66.387	69.163	69.575	75.915	9,1%

Kornrækt hefur aukizt allmikið síðastliðin 2—3 ár, en þó sérstaklega á árinu 1960. Á Sámsstöðum voru 9 ha undir byggi og 1 ha undir höfrum. Var bygguppskeran 148 (105) tunnur eða jókst um 41% frá fyrra ári, en hafrauppskeran nam 16 (35) tunnum eða minnkaði um 54,3%. Á Egilsstöðum og annars staðar á Héraði var sáð í 30 ha, og varð uppskeran 720 (200) tunnur af byggi. Er hér um mjög mikla aukningu að ræða frá fyrra ári eða 260%. Enn fremur var sáð í 7 ha á Kirkjubæ í Rangárvalla-

3. tafla. Framleiðsla og sala mjólkurafurða 1956—1960.

		1956	1957	1958	1959	1960
Móttekin mjólk	tonn	59.286	66.387	69.163	69.575	75.915
Seld nýmjólk	þús. ltr.	27.737	28.948	30.213	32.853	35.411
Seldur rjómi	þús. ltr.	875	914	890	939	972
Framleitt smjör	tonn	762	940	877	913	1.100
Selt smjör	tonn	717	797	948	1.003	1.059
Framleitt skyr	tonn	1.612	1.803	1.829	1.797	1.793
Framleiddur mjólkurostur	tonn	494	761	955	646	508
Seldur mjólkurostur	tonn	450	524	614	557	563
Útfluttur mjólkurostur	tonn	—	174	371	—	—
Framleiddur mysuostur	tonn	54	48	48	50	47
Mjólk í niðursuðu	þús. ltr.	164	144	37	152	37
Undanrenna í kasein	þús. ltr.	4.652	5.197	4.828	5.624	8.370
Framleitt nýmjólkurduft	tonn	37	37	181	48	41
Framleitt undanrennuduft	tonn	299	363	219	398	555

4. tafla. Tala fiskiskipa og fiskimanna í hverjum mánuði 1960 og 1959.

	Tala skipa 1960						1959 samtals	
	Togarar	Mótorb. yfir 30 tonn	Mótorb. undir 30 tonn	Opnir vélbátar	Samtals	Tala skipverja 1960 samtals	Tala skipa	Tala skipverja
Janúar	37	255	72	36	400	4.312	361	4.085
Febrúar	36	311	81	19	447	4.829	392	4.649
Marz	38	364	148	87	637	5.761	603	5.453
Apríl	41	365	173	176	755	6.193	796	5.995
Maí	39	241	161	261	702	4.941	795	5.432
Júní	37	305	184	354	880	5.600	851	5.392
Júlí	36	355	203	373	967	6.062	944	5.749
Ágúst	41	360	209	356	966	6.261	863	5.528
September	43	109	188	246	586	3.474	560	2.982
Október	44	201	173	216	634	4.263	448	2.842
Nóvember	43	250	115	89	497	4.303	495	3.751
Desember	39	164	83	39	325	3.207	399	3.332

sýslu, og varð uppskeran þar 140 tunnur af byggi. Meðaluppskera af byggi árið 1960 mun hafa orðið um 22 tunnur af hverjum ha.

Útgerð og sjávarvöruiðnaður.

Heildaraflinn á árinu 1960 varð tæplega 514 þús. tonn, en það er 9,2% minni afli en árið áður. Er hér því nær eingöngu um að ræða minnkun á síldar- og karfaaflanum. Athuga ber, að með heildaraflanum eru nú í fyrsta sinn talin humar og rækja, og hefur aflamagni þessara afurða árið 1959 verið bætt við heildarafla þess árs til samanburðar. Af heildaraflanum öfluðu bátar 77,9% og togarar 22,1%, og hefur hlutur báta í heildaraflanum því aukizt töluvert frá fyrra ári, enda þótt heildaraflamagn þeirra hafi minnkað um 2,2% á árinu 1960. Afli togaranna minnkaði hins vegar um 27,3% á sama tíma og hefur því minnkað síðan 1958 um 42,9%. Um orsakir hinna rýrnandi aflabragða togaranna síðastliðin tvö ár eru skiptar skoðanir. Aflabrestur á fjarlægum miðum er þó augljós orsök, en auk þess er það skoðun margra, að útfærsla fiskveiðilandhelginnar sé þung á metunum og þá sérstaklega, að bátaflotinn hafi fengið mörg af beztu miðum togaranna til óskoraðra afnota á vetrarvertíð.

Þátttaka í útgerð. Meðalfjöldi skipa við

5. tafla. Veiðiaðferðir, stundaðar af fiskiskipum á öllu landinu í hverjum mánuði 1960 og 1959.

	Botnvörpu-veiði í salt	Botnvörpu-veiði í ís	Þorskveiðar með lóð og netum	Dragnóta-veiði	Síldveiðar m/ herpinót	Síldveiðar m/ reknetum	Ýmsar veiðar	Samtals 1960	Samtals 1959
	Tala skipa	Tala skipa	Tala skipa	Tala skipa	Tala skipa	Tala skipa	Tala skipa	Tala skipa	Tala skipa
Janúar	–	40	344	–	1	–	15	400	361
Febrúar	–	47	379	–	–	–	21	447	392
Marz	–	54	568	–	–	–	15	637	603
Apríl	2	54	683	–	–	–	16	755	796
Maí	3	52	636	–	–	2	9	702	795
Júní	3	41	527	8	234	3	64	880	851
Júlí	3	40	560	24	257	7	76	967	944
Ágúst	2	48	499	88	258	10	61	966	863
September	1	57	394	113	–	3	18	586	560
Október	1	57	398	101	27	36	14	634	448
Nóvember	–	53	288	–	71	60	25	497	495
Desember	–	42	169	–	58	28	28	325	399

6. tafla. Hagnýting fiskaflans 1956—1960.

	1956 tonn	1957 tonn	1958 tonn	1959 tonn	1960 tonn
Ísfiskur	18.283	17.314	9.826	13.324	27.784
Fiskur til frystingar	164.368	179.855	258.251	236.170	200.031
Fiskur í herzlu	47.635	34.477	41.740	44.981	56.098
Fiskur og síld í niðursuðu	164	133	59	70	—
Fiskur til söltunar	100.781	77.667	77.395	69.382	74.866
Síld til söltunar	51.358	27.156	53.460	36.334	21.834
Síld til frystingar	12.909	12.024	15.939	14.788	9.771
Síld í verksmiðjur	36.198	78.315	37.920	131.444	103.547
Annar fiskur í verksmiðjur	8.486	5.958	5.161	10.706	6.580
Humar og rækja	—	—	—	1.211	3.311
Annað	3.514	3.428	5.287	7.208	9.922
Samtals	443.695	436.327	505.038	565.618	513.744

veiðar hvern mánuð var 650 árið 1960 eða nokkru meiri en árið áður, en þá var hann 625 skip. Enn varð nokkur samdráttur á þátttöku togara við veiðar. Meðalfjöldi togara við veiðar hvern mánuð var 42 árið 1958, 41 árið 1959 og 40 á árinu 1960. Þátttaka mótorbáta jókst hins vegar allmikið frá því árið áður, sem og vænta mátti, þar eð innflutningur fiskibáta var mjög mikill á árinu 1960. Nokkur samdráttur var á þátttöku opinna vélbáta. Að meðaltali var tala skipverja 4.934 árið 1960 á móti 4.599 árið áður. Flestir voru þeir í ágúst eða 6.261, en fæstir í desember eða 3.207. Nokkur aukning varð á fjölda þeirra botnvörpunga, er stunda veiðar í ís, en fjöldi þeirra, er veiddi í salt, dróst heldur saman. Einnig varð nokkur samdráttur á þátttöku í þorskveiðum með lóð, net og handfæri. Hins vegar varð töluverð aukning á þátttöku í síldveiðum með herpinót og þá sérstaklega á haustsíldveiðunum. Þátttaka í síldveiði með rek-

7. tafla. Ísfisksframleiðsla 1956—1960.

	Fjöldi söluferða			*Aflamagn í tonnum*		
	Togarar	*Bátar*	*Samtals*	*Togarafiskur*	*Bátafiskur*	*Samtals*
1956	96	2	98	18.209	74	18.283
1957	99	2	101	17.223	41	17.314
1958	57	2	59	9.859	97	9.956
1959	86	12	98	13.202	659	13.861
1960*)	196	42	238	25.818	2.511	28.329

*) Auk þess voru farnar 32 söluferðir með leiguskipum, með samtals 962 tonn.

8. tafla. Freðfisksframleiðsla 1956—1960.

	1956 tonn	*1957 tonn*	*1958 tonn*	*1959 tonn*	*1960 tonn*
Þorskflök	28.692	30.408	38.873	35.973	35.971
Ýsuflök	3.080	4.074	4.218	3.852	6.821
Ufsaflök	872	1.609	1.905	1.939	765
Lönguflök	68	150	617	453	44
Steinbítsflök	959	1.681	2.089	1.998	1.648
Karfaflök	13.960	15.677	26.368	22.583	12.731
Flatfiskur, flök og heilfrystur	868	1.951	810	1.102	1.964
Skata	28	47	33	—	15
Háfur	—	52	—	—	—
Samtals	48.527	55.649	74.913	67.900	59.959

net dróst allmikið saman, en veruleg aukning varð á loðnu-, rækju- og humarveiðum.

Aflabrögð. Eins og getið var hér að framan, stafar minnkun heildaraflans fyrst og fremst af því, hversu mjög síldar- og karfaaflinn dróst saman. Skipting aflans á fisktegundir er sýnd í VII. töflu í fréttaþáttum aftar í þessu hefti. Samkvæmt töflu þessari minnkaði síldaraflinn um 25,4% og karfaaflinn um 43,8%. Enn fremur minnkaði ufsaaflinn um 14,8% á árinu. Afli annarra fisktegunda jókst, og varð hlutfallslega einna mest aukning á skarkola eða 258,1%. Ýsuaflinn jókst einnig allmikið eða um 80,3%, og þorskaflinn jókst um 4,8%. Nam þorskaflinn nú um 47,4% af heildaraflanum á móti 41,1% árið áður, hlutur karfaaflans 10,9% á móti 17,6% og hlutur síldaraflans 26,6% á móti 32,4% árið 1959.

Verkun aflans á þorskveiðum. Helztu breytingar á verkun aflans á árinu 1960 voru sem hér segir: Frysting dróst töluvert saman og varð 53,5% heildarþorskaflans á móti 61,9% árið áður. Ísfisksframleiðslan jókst hins vegar verulega eða um 108,5% og varð 7,3% heildarþorskaflans á móti 3,5% árið áður. Einnig varð nokkur aukning á skreiðar- og saltfisksframleiðslunni. Nam hin fyrrnefnda 15,0% heildarþorskaflans á móti 11,8%, og hin síðarnefnda varð 20,0% heildarþorskaflans á móti 18,2% árið áður. Fiskmjölsframleiðsla minnkaði hins vegar og varð 1,8% heildarþorskaflans á móti 2,8%. Athygli skal vakin á því, að með þorskafla er átt við allar fisktegundir nema síld í samræmi við flokkun Fiskifélags Íslands.

Ísfiskur. Veruleg aukning varð á framleiðslu ísfisks til útflutnings eða um 108,5% frá árinu 1959, eins og fyrr greinir. Söluferðir togara urðu 196 á móti 86 árið áður, og bátar fóru 42 söluferðir á móti 12, og er hér um gífurlega aukningu að ræða. Auk þess voru farnar 32 söluferðir með leiguskipum.

Freðfiskur. Enn varð samdráttur á freð-



Hlutfallsleg skipting aflans eftir verkun á öðrum veiðum en síldveiðum.

9. tafla. Saltfisksframleiðsla 1956—1960.

	Fullverkaður fiskur tonn	*Óverkaður fiskur tonn*	*Heildarframleiðsla, umreiknuð í óverkaðan fisk tonn*
1956	7.980	31.130	44.960
1957	5.850	25.300	34.027
1958	7.700	22.000	34.760
1959	7.300	19.000	31.209
1960	5.500	22.700	33.669

10. tafla. Skreiðarframleiðsla 1956—1960.

	Móttekinn fiskur tonn	*Áætluð framleiðsla tonn*
1956	47.635	8.300
1957	34.477	6.033
1958	41.740	7.090
1959	44.981	6.600
1960	56.098	9.400

fisksframleiðslunni, og minnkaði hún um rösk 7.900 tonn eða 11,7% frá árinu áður. Orsök þessa samdráttar má rekja nær eingöngu til hins minnkandi karfaafla. Framleiðsla á karfaflökum dróst saman um 9.852 tonn eða 43,6%. Framleiðsla á þorskflökum varð svipuð og árið áður, en mikil aukning varð á framleiðslu ýsuflaka. Birgðir freðfisks minnkuðu um 5.238 tonn á árinu 1960 eða úr 11.700 tonnum í ársbyrjun í 6.462 tonn í árslok.

Saltfiskverkun. Á árinu 1960 tók saltfiskframleiðslan aftur að aukast og varð tæp 34 þús. tonn eða 7,9% meiri en árið áður,

11. tafla. Framleiðsla fiskmjöls, karfamjöls og ufsamjöls 1956—1960.

	Fiskmjöl tonn	*Karfamjöl tonn*	*Ufsamjöl tonn*	*Samt. tonn*
1956	21.591	10.431	381	32.403
1957	19.833	10.154	299	30.286
1958	21.800	15.030	—	36.830
1959	25.900	16.900	—	42.800
1960	22.900	10.100	—	33.000

12. tafla. Framleiðsla karfa- og ufsalýsis 1956—1960.

	Karfalýsi tonn	*Ufsalýsi tonn*	*Samtals tonn*
1956	2.833	93	3.197
1957	2.893	5	2.898
1958	4.577	–	4.577
1959	4.900	–	4.900
1960	2.300	–	2.300

13. tafla. Þorskalýsisframleiðsla 1956—1960.

		1956	1957	1958	1959	1960
Lýsisframleiðsla	tonn	11.016	9.321	9.800	10.200	10.508
Framleiðsla kaldhreinsunarstöðva:						
Kaldhreinsað meðalalýsi	tonn	1.126	1.672	1.381	1.340	1.711
Ókaldhreinsað lýsi	tonn	9.460	6.483	7.409	7.604	6.896
Annað lýsi	tonn	—	—	413	69	481
Tylgi og harðfeiti	tonn	512	476	550	—	—

14. tafla. Þátttaka í sumarsíldveiðum og meðalafli 1956—1960.

	1956	1957	1958	1959	1960
Tala skipa	187	234	241	224	258
Heildarrúmlestatala, brúttó	14.380	18.592	17.915	16.443	21.072
Tala skipverja	2.090	2.653	2.653	2.477	2.861
Heildarafli í málum	507.232	682.690	551.909	1.126.339	813.782
Meðalafli á skip í málum	2.712	2.913	2.290	5.028	3.154

15. tafla. Síldarmóttaka og framleiðsla síldarafurða 1956—1960.

	Móttekin bræðslusíld	Framleitt síldarlýsi	Framleitt síldarmjöl	Norðurlandssíld	Suðurlandssíld	Síldarsöltun samtals	Frystsíld
	mál	tonn	tonn	tunnur	tunnur	tunnur	tonn
1956	268.133	8.514	7.485	264.124	116.319	380.443	12.909
1957	580.111	11.279	13.579	150.869	50.282	201.151	12.024
1958	280.886	5.880	6.880	289.105	106.895	396.000	15.939
1959	973.659	21.600	22.100	216.307	52.065	268.372	14.725
1960	767.012	18.200	19.500	127.429	34.327	161.756	9.771

miðað við fullsaltaðan, óverkaðan fisk, þ. e. a. s. ef fullverkaður saltfiskur er umreiknaður í óverkaðan saltfisk. Raunverulega var hér eingöngu um að ræða aukningu á framleiðslu óverkaðs saltfisks, er jókst um 3.700 tonn eða 19,5%, þar eð framleiðsla á verkuðum saltfiski dróst saman um 1.800 tonn eða 24,7%. Veruleg aukning varð á birgðum saltfisks á árinu 1960. Námu birgðir verkaðs saltfisks í árslok 1.700 tonnum, en voru 500 tonn í ársbyrjun, og birgðir óverkaðs saltfisks voru 1.500 tonn í árslok, en námu 300 tonnum í ársbyrjun.

Skreið. Skreiðarframleiðsla jókst töluvert á árinu 1960, enda jókst móttekinn fiskur í herzlu um rösk 11 þús. tonn. Varð skreiðarframleiðslan 9.400 tonn eða 42,4% meiri en árið áður. Birgðir skreiðar jukust um 2.623 tonn á árinu 1960 eða úr 4.200 tonnum í ársbyrjun í 6.823 tonn í árslok.

Fiskmjöl og lýsi. Framleiðsla fiskmjöls og karfamjöls dróst verulega saman á árinu 1960. Fiskmjölsframleiðslan minnkaði um 3.000 tonn eða 11,6%. Karfamjölsframleiðslan minnkaði þó enn meir eða um 6.900 tonn eða 40,8%. Er orsökina hér fyrst og fremst að rekja til hins mikla samdráttar á karfaaflanum. Framleiðsla karfalýsis dróst einnig verulega saman eða um 2.600 tonn (53,1%) af framangreindum ástæðum. Framleiðsla ufsamjöls og ufsalýsis varð lítil sem engin eins og undanfarin tvö ár.

Þorskalýsisframleiðslan varð nokkru meiri en árið áður eða jókst um 3%. Nam framleiðsla kaldhreinsunarstöðva á kaldhreinsuðu meðalalýsi röskum 1.700 tonn-

16. tafla. Hvalveiðar og hvalafurðir 1956—1960.

	1956	1957	1958	1959	1960
Aflamagn:					
Langreyðar . .	265	348	289	178	160
Steypireyðar .	8	10	5	6	–
Sandreyðar . .	72	78	91	67	42
Búrhvalir . . .	95	81	123	120	177
Samtals	440	517	508	371	379
Framleiðsla í tonnum:					
Hvallýsi	1.950	2.334	2.151	1.343	1.205
Búrhvalslýsi .	965	861	1.306	1.295	1.852
Hvalkjöt . . .	3.020	3.207	1.881	1.970	1.796
Rengi	72	110	68	77	55
Hvalmjöl . . .	1.021	1.505	1.576	1.528	1.832

um, sem er 27,7% aukning frá árinu áður. Hins vegar varð nokkur samdráttur á framleiðslu ókaldhreinsaðs lýsis.

Síldveiðar. Fyrstu fimm mánuði ársins var síldaraflinn tæp 900 tonn, en var 1.891 tonn á sama tíma árið áður. Er hér einkum um að ræða afla reknetabáta í Faxaflóa, og hefur hann dregizt allmikið saman á árinu.

Nokkru fleiri skip tóku þátt í sumarsíldveiðunum fyrir norðan land og austan heldur en sumarið 1959 eða 258 skip á móti 224 skipum 1959. Þar af veiddu 252 skip með hringnót og 6 með herpinót. Af hringnótabátum voru hins vegar um 40 með kraftblokk. Fyrsta síldin fyrir Norðurlandi veiddist aðfaranótt 17. júní, og lauk síldveiðunum skömmu eftir 20. ágúst. Aflabrögð á sumarsíldveiðunum voru töluvert verri en árið áður eða rösk 813 þús. mál, sem er 27,7% minni afli en 1959.

Meðalafli á skip reyndist að þessu sinni vera 5.978 mál hjá herpinótaskipum á móti 9.156 málum árið 1959 og 3.087 mál hjá hringnótaskipum á móti 4.876 málum árið 1959. Ef aflaverðmæti væri lagt til grundvallar, mundi munurinn vera hlutfallslega enn meiri, þar eð verulegur samdráttur varð á því magni, er til söltunar fór á árinu 1960, eða tæpum 40% minna en árið áður. Verð á síldarlýsi og síldarmjöli hélt einnig áfram að lækka á árinu 1960. Þegar svo haft er í huga, að allur útbúnaður bátanna var mun vandaðri og kostnaðarsamari, t. d. ný og vönduð leitartæki, stærri og dýpri síldarnætur o. s. frv., kemur enn betur í ljós, hve hagur síldveiðibátanna versnaði á árinu 1960.

Haustsíldveiðar sunnan lands hófust í byrjun október. Var afli reknetabáta sáralítill eða um 20 þús. tunnur á 60 báta, og hættu flestir þeirra veiðum í byrjun desember. Aftur á móti var allgóður afli hjá hringnótabátum, en síldin var óvenju smá og rýr og miklum vandkvæðum bundið að nýta hana til söltunar. Hagnýting haustaflans varð sem hér segir: 69.084 mál fóru í bræðslu á móti 65.054 málum árið áður, 34.327 uppsaltaðar tunnur á móti 51.488 ár-

17. tafla. Framleiðsla á innlendum tollvörutegundum 1956—1960.

		1956	1957	1958	1959	1960
Maltöl	lítrar	906.984	848.159	786.223	802.709	703.521
Annað óáfengt öl	lítrar	928.512	629.019	634.323	656.990	661.389
Áfengt öl	lítrar	11.417	8.669	9.234	18.363	45.989
Ávaxtasafi	lítrar	35.870	27.847	40.234	47.225	40.498
Gosdrykkir	lítrar	2.713.969	2.699.084	3.112.615	3.286.069	3.602.033
Sódavatn	lítrar	151.950	131.188	127.504	123.573	
Kaffibætir	kg	177.355	165.487	185.506	156.181	149.118
Suðusúkkulaði	kg	83.232	83.109	79.030	80.213	78.749
Átsúkkulaði	kg	105.834	95.409	96.836	84.074	78.398
Brjóstsykur	kg	114.693	99.034	95.117	93.779	79.921
Konfekt	kg	152.255	146.551	118.235	138.111	134.653
Karamellur	kg	93.589	69.884	55.487	63.813	57.478
Lakkrís	kg	42.560	36.167	37.614	43.397	49.346
Tyggigúm	kg	—	—	—	—	5.293

ið áður, 75.549 tunnur í frystingu á móti 125.083 tunnum árið áður og 12.676 tunnur ísaðar til útflutnings.

Hvalveiðar. Hvalvertíðinni lauk 23. september á árinu 1960 og hafði þá staðið í nær 18 vikur. Alls veiddust 379 hvalir eða nokkru fleiri en árið á undan. Vertíðin byggist aðallega á þrem hvaltegundum. Mest veiddist af búrhval, en veiði þeirra hefur farið ört vaxandi á undanförnum árum. Veiði langreyða hefur hins vegar minnkað allmikið síðastliðin þrjú ár. Þriðja tegundin er sandreyður, og hefur veiði þeirra einnig farið minnkandi á undanförnum árum. Fjórða tegundin, steypireyður, hefur verið friðuð. Töluverð aukning varð á framleiðslu hvallýsis og mjöls á árinu 1960, en hins vegar minnkaði framleiðsla hvalkjöts nokkuð.

Iðnaðarframleiðsla.

Ekki er enn lokið upplýsingasöfnun þeirri, sem Hagstofa Íslands annast um framleiðslu iðnfyrirtækja árið 1960. Þá er niðurstöðutölur þeirrar skýrslusöfnunar liggja fyrir, munu þær birtast í Fjármálatíðindum.

Nokkurs samdráttar gætti í framleiðslu nokkurra innlendra tollvörutegunda, eins og sjá má á 17. töflu. Þó varð enn allmikil aukning á framleiðslu áfengs öls eða um 150,4%.

Áburðarverksmiðjan h.f. í Gufunesi framleiddi 22.602 tonn af köfnunarefnisáburði, sem er 4.285 tonnum meira en árið áður. Meginástæða fyrir þessari aukningu er, að verksmiðjan starfaði með fullum afköstum á árinu 1960, þar eð enginn rafmagnsskortur háði starfrækslunni eins og á undanförnum árum. Auk þess framleiddi Áburðarverksmiðjan 152 tonn af ammoníaki og 12 tonn af saltpéturssýru. Hvort tveggja er svipað framleiðslumagn og árið áður. Ekkert var flutt út af köfnunarefnisáburði á árinu 1960, en aftur á móti var um nokkurn innflutning á áburði að ræða, sem þó var mun minni en árið 1959. Birgðir Áburðarverksmiðjunnar af áburði jukust verulega á árinu 1960 og námu í árslok 14.228 tonnum á móti 10.555 tonnum í ársbyrjun.

Sementsverksmiðja ríkisins framleiddi 87.518 tonn af sementsgjalli á árinu 1960, sem er nokkru meira en 1959. Framleiðsla fullunnins sements nam hins vegar 73.249 tonnum, sem er nokkru minna en árið 1959. Birgðir sements námu í árslok 1960 8.568 tonnum, en voru 7.967 tonn í ársbyrjun. Er því um nokkra birgðaaukningu að ræða á árinu.

Raforkuframleiðsla.

Orkuvinnsla jókst enn á árinu 1960 eða um 10,7%. Stafar þessi mikla aukning á árinu 1960 að sjálfsögðu af því, að hin nýja virkjun, Steingrímsstöð, starfaði nú allt árið, en hún tók ekki til starfa fyrr en 13. desember 1959.

18. tafla. Orkuvinnsla allra almenningsrafveitna á landinu 1956—1960 í milljónum kílówattstunda.

	Vatnsafls-stöðvar	*Gufuafls-stöðvar*	*Dísil-stöðvar*	*Samtals*
1956	405	0	12	417
1957	414	0	13	427
1958	431	1	13	445
1959	470	3	11	484
1960	523	2	11	536

Tekjur af raforkusölu til neytenda hafa aukizt verulega á síðastliðnum fimm árum eða næstum tvöfaldazt sem má sjá á eftirfarandi tölum:

	Millj. kr.
1955	95,9
1956	110,5
1957	121,0
1958	145,0
1959	173,7
1960	186,0 [1]

[1]) Bráðabirgðatala.

Fjárfesting.

Heildarfjárfesting í þjóðarbúskapnum síðastliðin sex ár er sýnd í 19. töflu á verðlagi viðkomandi árs, en sökum mikilla verðbreytinga á þessu tímabili gefa tölurnar ekki rétta mynd af raunverulegri fjárfest-

19. tafla. Heildarfjárfesting í þjóðarbúskapnum 1955—1960 í millj. kr. á verðlagi viðkomandi árs.

	1955	1956	1957	1958	1959	1960
Landbúnaður	198	235	261	257	244	253
Sjávarútvegur	93	141	157	200	221	555
Iðnaður og námugröftur	50	58	118	93	83	132
Raforka, hitav. og vatnsveitur	56	98	162	215	193	203
Samgöngur og flutningar	222	230	235	216	319	442
Íbúðarhús	383	557	564	514	627	589
Opinber þjónusta	43	68	87	99	135	168
Verzlun og veitingar	33	33	39	38	53	69
Samtals	1.078	1.420	1.623	1.632	1.875	2.411

20. tafla. Heildarfjárfesting í þjóðarbúskapnum í millj. kr. á verðlagi ársins 1954.

	1955	1956	1957	1958	1959	1960	Breyting í % frá 1959–1960
Landbúnaður	189	202	214	197	186	176	÷ 5,4
Sjávarútvegur	89	121	129	153	168	385	129,2
Iðnaður og námugröftur	48	50	97	71	63	92	46,0
Raforka, hitav. og vatnsveitur	53	84	133	165	147	141	÷ 4,1
Samgöngur og flutningar	212	197	193	166	243	307	26,3
Íbúðarhús	366	478	463	394	478	409	÷ 14,6
Opinber þjónusta	41	58	71	76	103	117	13,6
Verzlun og veitingar	32	28	32	29	40	48	20,0
Samtals	1.030	1.218	1.332	1.252	1.428	1.673	17,2
Vísitala	104,7	116,5	121,7	130,3	131,3	144,1	9,7

ingu. Því hefur verið gerð tilraun til að eyða áhrifum verðbreytinga með því að leggja verðlag ákveðins árs til grundvallar. Í 20. töflu sést fjárfestingin á verðlagi ársins 1954, og eru þær tölur fengnar með því að nota vísitölu neyzluvöruverðlags á hverjum tíma sem mælikvarða á þær verðbreytingar, sem átt hafa sér stað. Þess ber þó að gæta, að sú vísitala er ekki réttur mælikvarði á heildarverðlagið í landinu.

Raunveruleg aukning fjárfestingar varð mjög mikil á árinu 1960 miðað við þrjú undanfarin ár eða 17,2%. Langmest aukning varð á fjárfestingu í sjávarútveginum eða 129,2%, og er hér fyrst og fremst um að ræða hinn mikla innflutning fiskibáta og togara, er átti sér stað á árinu. Einnig varð veruleg aukning á fjárfestingu í iðnaði (46,0%), samgöngutækjum (26,3%) og verzlunarbyggingum (20,0%). Á hinn bóginn varð allmikill samdráttur á fjárfestingu í íbúðarhúsabyggingum (14,6%). Enn fremur dróst fjárfesting í landbúnaði og raforkuframkvæmdum nokkuð saman á árinu eða um 5,4% og 4,1% hvort í sínu lagi. Hefur fjárfesting í landbúnaði farið minnkandi síðastliðin þrjú ár, en hvað raforkuframkvæmdum viðvíkur, þá lauk framkvæmdum við virkjun Efra-Sogs snemma á árinu 1960, og stafar þessi samdráttur fyrst og fremst þar af.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir fjárfestingunni í einstökum atvinnugreinum.

Landbúnaður.

Fjárfesting í landbúnaði nam 253 millj. kr. á móti 244 millj. kr. árið 1959. Um raun-

21. tafla. Ræktunarframkvæmdir 1956—1960.

	Jarðvinnsla			Skurðgröftur		
Ár	*Nýrækt ha*	*Túna-sléttur ha*	*Matjurta-garðar ha*	*Lengd í kíló-metrum*	*Rúmmál í þús. m³*	*Kostnaður í þús. kr.*
1956	3.386	83	20	947,6	4.179,1	15.221,3
1957	3.570	139	23	941,8	4.193,9	16.658,0
1958	3.912	129	17	943,2	4.183,5	16.623,4
1959	4.499	85	28	908,1	4.021,8	16.803,8
1960	3.675	87	43	744,0	3.472,0	15.699,5

verulega aukningu var þó ekki að ræða, því að umreiknað á grundvelli verðlags 1954 nam fjárfestingin 176 millj. kr. á móti 186 millj. kr. árið 1959 eða varð 5,4% minni en árið áður. (Byggingar íbúðarhúsa í sveitum eru ekki taldar með né heldur raforkuframkvæmdir í sveitum eða birgðabreytingar á landbúnaðarafurðum.) Ræktunarframkvæmdir, bygging útihúsa, innflutningur hjóladráttarvéla, véla, verkfæra og jeppabifreiða dróst nokkuð saman, en töluverð aukning varð enn á bústofni.

Jarðrækt. Skurðgröftur varð töluvert minni en árið áður sem og nýræktarframkvæmdir, en þær höfðu aukizt ár frá ári síðan 1955, eins og sjá má í 21. töflu.

Nýbýlastjórn ríkisins samþykkti stofnun 34 nýbýla, endurbyggð 3 eyðijarða, 3 smábýla og 3 garðyrkjubýla eða samtals 43 býla. Enn fremur var veitt aðstoð við

22. tafla. Kostnaður við Landnám ríkisins.

	1947—'59 þús. kr.	*1960 þús. kr.*	*Samtals þús. kr.*
Ölfus	2.432	75	2.507
Hvolsvöllur	509	3	512
Þinganes	1.399	166	1.565
Víðimýri	1.830	20	1.850
Skinnastaðir	999	—	999
Reykhólar	1.129	162	1.291
Ljósavatnshreppur	1.040	16	1.056
Auðkúla	710	274	984
Fljótsdalshérað	3.005	426	3.431
Álftaneshreppur	2.093	75	2.168
Kaldrananes	698	152	850
Svartárdalur	1.160	191	1.351
Dalir	350	769	1.119
Samtals	17.354	2.329	19.683

23. tafla. Innflutningur búvéla.

	1957	*1958*	*1959*	*1960*
Vélknúin tæki:				
Beltadráttarvélar	5	–	9	2
Hjóladráttarvélar	390	509	367	209
Garðadráttarvélar	14	2	4	–
Skurðgröfur	–	2	2	2
Verkfæri við dráttarvélar:				
Plógar	35	16	16	22
Herfi	32	2	17	2
Plógherfi	5	1	5	1
Sláttuvélar	389	438	332	185
Snúningsvélar	12	–	–	–
Rakstrarvélar	22	36	32	7
Múgavélar	532	587	903	847
Heyhleðsluvélar	16	15	–	–
Mykjuvélar	6	14	75	52
Áburðardreifarar	202	18	267	105
Kartöflusetjarar	–	17	5	5
Kartöfluupptökuvélar	–	6	13	22
Jarðvegstætarar	55	49	112	2
Ávinnsluherfi	–	–	50	–
Ámoksturstæki	175	182	261	177
Heygreipar	50	78	120	186
Hestaverkfæri:				
Áburðardreifarar	11	–	6	–
Rakstrarvélar	39	38	3	–
Önnur tæki:				
Úðarar	–	–	9	–
Duftdreifarar	–	–	–	–
Mjaltavélar	36	103	64	186
Saxblásarar	9	–	–	–
Heyblásarar	72	43	49	100
Sláttuþreskjarar	–	–	–	1

1 bæjarflutning, 4 aðilar fengu aðstoð, sem miðaði að því að fyrirbyggja, að jarðir færu í eyði. Kostnaður við framkvæmdir Landnáms ríkisins er sýndur á 22. töflu.

Útgjöld ríkissjóðs vegna jarðræktarlaganna námu alls 25,6 millj. kr. 1960.

Búvélar. Innflutningur landbúnaðarvéla dróst allmikið saman frá því árið áður. Sérstaklega minnkaði innflutningur hjóladráttarvéla mikið, en innflutningur múgavéla var enn mikill samanborið við árin 1957 og 1958, þó að hann minnkaði nokkuð frá því árið 1959. Hins vegar jókst innflutningur mjaltavéla verulega. Innflutningur jeppabifreiða í þágu landbúnaðarins dróst mjög saman á árinu. Inn voru fluttar 18 bifreiðir að verðmæti 1,8 millj. kr. á móti 82 bifreiðum að verðmæti 8,1 millj. kr. árið 1959. Á 23. töflu er sýndur innflutningur búvéla síðastliðin 4 ár. Ekki er vitað um heildarbúvélaeign landsmanna, því að könnun hefur ekki farið fram á búvélaeigninni síðan 1947.

Bústofn. Sem fyrr greinir, varð nokkur aukning á bústofni bænda á árinu 1960. Sauðfé fjölgaði um rösklega 41 þús. eða 6,2%, en á áratugnum 1951—1960 mun sauðfé hafa fjölgað um tæp 420 þús. eða 101%. Nautgripum fjölgaði um rösklega 2 þús. eða 4,3%, en á áratugnum 1951—1960 fjölgaði þeim um tæp 5.500 eða 7,2%. Hins vegar hélt hrossum enn áfram að fækka, og hefur þeim fækkað um 12.780 eða 30,3% á árunum 1951—1960.

Byggingar. Nokkur samdráttur varð í útihúsabyggingum og þá sérstaklega í byggingu þurrheyshlaðna. Byggð voru fjós yfir 2.240 kýr eða nokkru færri en árið áður og 29.700 fjár eða svipað og 1959. Íbúðarhúsabyggingar í sveitum drógust töluvert saman, en nánar verður vikið að þeim í kaflanum um húsbyggingar.

24. tafla. Bústofn samkvæmt búnaðarskýrslum í árslok 1956—1960.

	Sauðfé	*Nautgripir*	*Hross*
1956	706.291	47.209	33.928
1957	769.777	49.036	33.055
1958	774.814	48.000	31.023
1959	794.305	49.865	30.182
1960	(835.500)	(52.000)	(29.500)

Ath. Svigatölur eru að nokkru áætlaðar.

25. tafla. Smíði skipa og báta innan lands 1958, 1959 og 1960.

	Tala skipa	*Rúmlestir brúttó*
Skip smíðuð 1958	13	271
Skip smíðuð 1959	7	179
Skip smíðuð 1960	17	359
Skip í smíðum í árslok 1958	7	239
Skip í smíðum í árslok 1959	10	384
Skip í smíðum í árslok 1960	13	542

Útgerð.

Auk kostnaðar við aukningu bátaflotans, sem skýrt verður frá hér á eftir, var varið 36,8 millj. kr. til atvinnufyrirtækja í þágu sjávarútvegsins. Bygging hraðfrystihúsa nam alls að rúmmáli 68.399 m³, og er það um 52,8% aukning frá árinu áður. Einnig var nokkur aukning í byggingu fiskhúsa, er nam að rúmmáli 43.789 m³. Hins vegar varð verulegur samdráttur í byggingu síldar- og fiskimjölsverksmiðja.

Aukning skipastólsins.

Togarar. Árið 1960 bættust fimm nýir togarar í flotann, og voru þeir allir smíðaðir í Vestur-Þýzkalandi. Heildarrúmlestatala hinna nýju togara var 4.833 lestir. Enginn togari var felldur niður af skipaskrá á árinu, og í árslok var togaraflotinn 48 skip, samtals 33.200 rúmlestir.

Önnur fiskiskip. Bátasmíði innan lands jókst verulega á árinu, eins og sjá má í 25. töflu. Skoðanir eru nú uppi um, að þessi iðngrein muni eflast verulega á næstu árum, einkum eftir að á það hefur verið bent, að hún hafi á undanförnum árum átt við mikið óhagræði að búa miðað við aðrar iðngreinar og þá sérstaklega með tilliti til tolla, leyfisveitinga o. fl.

Innflutningur fiskiskipa var mjög mikill á árinu eða 46 bátar, samtals 5.798 rúmlestir. Af þessum bátum voru 36 úr stáli og 10 úr eik. Flestir voru smíðaðir í Noregi eða 21, 8 voru smíðaðir í Danmörku, 6 í V.-Þýzkalandi, 6 í A.-Þýzkalandi, 4 í Hollandi og 1 bátur í Svíþjóð.

Eftirfarandi yfirlit sýnir breytingu þá, er varð á stærð bátaflotans árið 1960:

	Tala	Rúmlestir
Smíði innan lands (teknir á skipaskrá)	17	359
Innfluttir bátar	46	5.439
Viðbót samtals	63	5.798
Útstrikað af skipaskrá	19	1.390
Nettóaukning	44	4.408

Tölum þessum ber ekki alveg saman við skipaskrá ríkisins, en ástæðan er sú, að innfluttir bátar eru ekki alltaf skráðir á því ári, sem þeir eru fluttir inn.

Farskipastóllinn. Eitt nýtt skip bættist í farskipaflotann á árinu, en það var flutningaskipið Brúarfoss. Var skipið smíðað í Danmörku og er 2.339 rúmlestir að stærð.

Önnur skip. Varðskipið Óðinn, sem er 882 rúmlestir að stærð og smíðað í Danmörku, var skráð á árinu.

Raforkumál.

Reiknað á verðlagi viðkomandi árs varð um 10 millj. kr. aukning á fjárfestingu til raforkuframkvæmda á árinu 1960. Sé hins vegar miðað við verðlag sama árs eða verðlag ársins 1954, kemur í ljós, að raunveruleg fjárfesting til raforkuframkvæmda hefur dregizt saman um 3,6%.

Helztu framkvæmdir rafmagnsveitna ríkisins voru þessar: Á Vopnafirði var haldið áfram framkvæmdum við dísilstöð, er hafnar voru árið áður. Enn fremur var hafin bygging dísilstöðvar og starfsmannahúss á Sauðárkróki. Lokið var við endurbyggingu á stíflu við Laxárvatnsvirkjun. Í Búðardal var endurbætt hús og sett þar upp dísilstöð. Einnig var haldið áfram framkvæmdum við dísilstöð í Ólafsvík og lokið við byggingu dísilstöðvar í Vík í Mýrdal.

Frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins fengu 215 býli rafmagn á árinu, og í árslok hafði 2.271 býli fengið rafmagn frá þeim og 992 frá einkarafstöðvum. Hafa því alls 3.263 býli eða rösk 54% af öllum býlum á landinu (6.000) fengið rafmagn.

Á árinu yfirtóku héraðsrafmagnsveitur ríkisins innanbæjarkerfin í Bakkagerði, Stöðvarfirði og Djúpavogi. Enn fremur var unnið að endurbyggingu og stækkun á ýmsum innanbæjarkerfum víðs vegar á landinu.

26. tafla. Uppsett vélaafl í almenningsorkuverum í þús. kW 1956—1960.

	Vatnsafls-stöðvar	Gufuafls-stöðvar	Dísil-stöðvar	Samtals
1956	73,1	7,5	7,8	88,4
1957	73,1	7,5	8,3	88,9
1958	78,7	7,5	9,0	95,2
1959	105,0	7,5	8,9	121,4
1960	105,0	7,5	9,5	122,0

Eins og sjá má í 26. töflu, varð mjög lítil aukning á heildarafli allra orkustöðva landsins. Steingrímsstöðin er talin tekin í notkun á árinu 1959 (desember), en komst þó ekki í fullan rekstur fyrr en snemma árs 1960.

Opinberar framkvæmdir.

Byggingarframkvæmdir ríkisins jukust um tæplega 18% frá árinu áður miðað við verðlag viðkomandi árs. Sé hins vegar miðað við verðlag sama árs (1954 = 100), kemur í ljós, að byggingarframkvæmdir ríkisins jukust um 7,5% á árinu 1960.

Yfirlitið hér á eftir sýnir þær byggingar, sem í smíðum voru árið 1960. Eru þær flokkaðar eftir tegundum og tilgreindur heildarkostnaður við framkvæmdir á árinu (í þús. kr.):

Sjúkrahús	25.199
Skólar	51.040
Félagsheimili	12.245
Póstur og sími	6.550
Aðrar opinberar byggingar	43.215
Samtals	138.249

Mest varð aukning á byggingu skólahúsa, en einnig varð veruleg aukning á framkvæmdum hjá Pósti og síma. Aðrar framkvæmdir voru svipaðar eða heldur minni en árið á undan.

Athuga ber, að ríkissjóður greiðir einungis hluta af kostnaðinum við margar þessara byggingarframkvæmda, enda þótt þær séu allar taldar til byggingarfram-



Hlutfallsleg skipting heildarfjárfestingar í þjóðarbúskapnum á verðlagi ársins 1954.

kvæmda ríkisins. Sem dæmi má nefna byggingar skólahúsa. Framlag ríkisins til þeirra er stundum ekki greitt fyrr en löngu eftir að þeim er að fullu lokið.

Vegagerð. Útgjöld Vegagerðar ríkisins til vega- og brúabygginga árið 1960 voru töluvert hærri en árið áður. Eftirfarandi tölur sýna útgjöld Vegagerðarinnar síðastliðin þrjú ár í millj. kr.:

	1958	*1959*	*1960*
Til nýrra akvega	20,0	22,0	27,9
Til nýrra brúa	14,9	14,1	21,8
Til viðhalds og endurbóta þjóðvega	42,9	48,1	51,2
Til sýsluvega	2,9	3,3	3,3
Til endurbóta gamalla brúa	1,5	1,4	1,4
Til fjallvega	0,8	0,8	1,0
Til kaupa á vegavinnuvélum	1,0	1,0	1,0
Orlofsfé og tryggingagjöld verkamanna	2,0	2,2	2,3
Stjórn vegamála og ýmis kostnaður	3,9	3,8	3,7
Samtals	89,9	96,7	113,6

Tala unninna dagsverka við vega- og brúagerð var tæplega 128 þús. miðað við tíu stunda vinnudag, en var tæplega 122 þús. árið áður.

Hafnargerð. Kostnaður við hafnarframkvæmdir á vegum vita- og hafnarmálastjórnarinnar nam 44,0 millj. kr. árið 1960. en auk þess var kostnaður við landshafnirnar á Rifi og í Keflavík 1,2 millj. kr. Landshafnirnar eru eingöngu kostaðar af ríkissjóði.

Framkvæmdir voru mestar á eftirtöldum stöðum (þús. kr.): Hafnarfirði 9.500, Vestmannaeyjum 6.320, Bolungarvík 3.500, Höfn í Hornafirði 2.060, Akranesi 1.960 og Þórshöfn 1.920. Auk þess var kostnaður við hafnarframkvæmdir í Reykjavík 11.602 þús. kr.

Vatnsveitur. Engar heildartölur eru til um vatnsveituframkvæmdir á árinu 1960, en ríkissjóður ábyrgðist lán til vatnsveitugerðar að upphæð 3,8 millj. kr.

Í Reykjavík varð heildarkostnaður vegna vatnsveituframkvæmda 5,5 millj. kr.

Flugvallagerð. Fjárfesting í flugmálum ríkisins nam 8,2 millj. kr. á árinu 1960, en var 12,2 millj. kr. árið áður. Þar af fóru tæpar 4 millj. kr. til nýbygginga flugvalla. Kostnaður við viðhald flugvalla nam á árinu 1960 5,9 millj. kr., en kostnaður við Reykjavíkurflugvöll er þar þyngstur á metunum eða röskar 4 millj. kr.

Framkvæmdir Reykjavíkurbæjar. Auk þeirra framkvæmda Reykjavíkurbæjar, sem getið hefur verið hér að framan, nam ný fjárfesting tæpum 110 millj. kr. Kostnaður við helztu framkvæmdir var sem hér segir í millj. kr.: gatna- og holræsagerð 33,2, hitaveituframkvæmdir 36,9, bygging íbúðarhúsa 11,7, bygging bæjarsjúkrahúss 6,2 og íþróttamannvirki í Laugardal 2,8 millj. kr.

Húsbyggingar.

Í eftirfarandi yfirliti um byggingarframkvæmdir á árinu 1960 er stuðzt við skýrslur frá Framkvæmdabanka Íslands og Árbók Landbúnaðarins. Sú breyting varð á, er Innflutningsskrifstofan var lögð niður, að hagdeild Framkvæmdabanka Íslands tók upp nýja aðferð við ákvörðun kostnaðar árið 1960 við þær byggingar, sem áður voru háðar fjárfestingarleyfum. Vegna þess er tilfærður árskostnaður ekki að öllu leyti sambærilegur árin 1959 og 1960. Enn fremur ber að athuga, að kostnaðartölur 1960 eru bráðabirgðatölur, þar eð þær kunna enn að taka smávægilegum breytingum.

27. tafla. Áætlað verðmæti húsbyggingarframkvæmda 1959 og 1960 í þús. kr.

	1959	1960
Útihús í sveitum	83.014	93.447
Framleiðsla	48.099	49.360
Iðnaður	43.393	59.038
Verzlun	50.862	98.417
Opinberar byggingar	117.167	138.249
Íbúðarhús	627.000	589.000
Alls	969.535	1.027.511

Heildarverðmæti byggingarframkvæmda nam rösklega 1.027 millj. kr. á árinu 1960 á móti röskum 969 millj. kr. árið áður. Hér er miðað við verðlag viðkomandi árs, en raunveruleg aukning varð lítil sem engin eða 0,2%, þar eð byggingarkostnaður jókst um 5,7% á árinu 1960. Eins og sjá má í 27. töflu, þá drógust íbúðarhúsabyggingar allmikið saman á árinu 1960. Aðrar byggingarframkvæmdir jukust hins vegar nokkuð og þá sérstaklega verzlunarbyggingar.

Tala nýrra íbúða, sem lokið var við á árinu, lækkaði um 47 íbúðir eða 3,1% frá 1959. Í ársbyrjun 1960 er talið, að í smíðum hafi verið 3.644 íbúðir, en 3.173 í árslok. Hafin var smíði á mun færri íbúðum 1960 en árið áður eða 1.008 íbúðum á móti 1.597 íbúðum 1959.

Heildarrúmmál þeirra íbúðarhúsa, sem lokið var við á árinu 1960, var 553.428 m³ (sbr. 28. töflu), og er það 3,4% minnkun frá árinu áður. Rúmmál annarra bygginga að sveitum frátöldum nam 406.524 m³. Er

28. tafla. Byggingarframkvæmdir í kaupstöðum, kauptúnum og sveitum árið 1960.

	Íbúðarhús						
	Tala húsa						
	Steinhús	Timburhús	Samtals	Tala íbúða	Rúmmál m³	Aðrar byggingar rúmmál m³	Nýbyggingar samtals rúmmál m³
Reykjavík	119	2	121	642	218.851	130.213	349.064
Kaupstaðir	236	14	250	451	175.734	156.827	332.561
Kauptún	185	10	195	265	102.971	119.484	222.455
Sveitir	101	11	112	121	55.872	333.442	389.314
Samtals	641	37	678	1.479	553.428	739.966	1.293.394

29. tafla. Flokkun íbúða eftir stærð.

		Herbergi auk eldhúss						
		1	2	3	4	5	6 eða fleiri	Samtals
Reykjavík	tala	2	131	139	239	89	42	642
	%	0,3	20,4	21,7	37,2	13,9	6,5	100,0
Kaupstaðir	tala	0	32	99	165	113	42	451
	%	0,0	7,1	21,9	36,6	25,1	9,3	100,0
Kauptún	tala	1	17	55	108	68	16	265
	%	0,4	6,4	20,8	40,7	25,7	6,0	100,0
Samtals	tala	3	180	293	512	270	100	1.358
	%	0,2	13,2	21,6	37,7	19,9	7,4	100,0

hér um verulega aukningu að ræða eða 45,9% frá 1959. Í sveitum varð einnig nokkur aukning á byggingum öðrum en íbúðarhúsum miðað við rúmmál eða 2,4% frá 1959.

Sundurliðun á íbúðum eftir herbergjafjölda í Reykjavík, kaupstöðum og kauptúnum er sýnd í 29. töflu. Miðað við árið 1959 hefur bygging hinna stærri íbúða, 5 herbergi og fleiri, dregizt saman á öllum þessum stöðum og einnig bygging 4 herbergja íbúða í Reykjavík. Hins vegar hefur orðið hlutfallsleg aukning á byggingu smærri íbúða.

Sundurliðun annarra bygginga en íbúðarhúsa er sýnd í 31. töflu. Langstærsti liðurinn er gripa- og útihús í sveitum. Aðrir stórir liðir eru verksmiðjur og verkstæði, frystihús fyrir sjávarútveg, verzlunar- og skrifstofuhús, opinberar byggingar og skólar, og varð allmikil aukning á byggingu allra þessara liða frá 1959.

Þróun íbúðabygginga árin 1956—1960.

Samanburður á verðmæti íbúðarhúsabygginga fimm síðustu ára er sýndur í eftirfarandi yfirliti. Framkvæmdir árið 1954 eru látnar jafngilda tölunni 100:

	1956	1957	1958	1959	1960
Sveitir	101	93	93	87	79
Kauptún	141	133	157	184	187
Kaupstaðir	132	117	123	165	144
Reykjavík	174	165	119	119	97

Samkvæmt yfirlitinu hafa framkvæmdir á árinu 1960 dregizt töluvert saman í Reykjavík, einnig nokkuð í kaupstöðum og sveitum, en aftur á móti aukizt heldur í kauptúnum. Meðalstærð hafinna íbúða hefur einnig dregizt nokkuð saman og þá sérstaklega í Reykjavík. Þó varð nokkur stækkun á meðalrúmmetrastærð íbúða í öðrum kaupstöðum, eins og sjá má í eftirfarandi yfirliti, sem sýnir meðalstærð íbúða í rúmmetrum:

	1956	1957	1958	1959	1960
Sveitir	410	413	422	479	468
Kauptún	348	390	360	378	371
Kaupstaðir	369	400	384	417	423
Reykjavík	353	371	335	343	327
Allt landið	361	383	365	385	371

30. tafla. Nýbyggingar, sem lokið var við á árinu 1960 í kaupstöðum, kauptúnum og öðrum skipulagsskyldum stöðum.

	Tala íbúða	Rúmmál annarra bygginga m³
I. Reykjavík	642	130.213
II. Kaupstaðir:		
Akranes	37	7.504
Akureyri	78	48.992
Hafnarfjörður	39	10.714
Húsavík	9	3.054
Ísafjörður	22	17.533
Keflavík	78	13.148
Kópavogur	118	8.701
Neskaupstaður	7	3.808
Ólafsfjörður	3	539
Sauðárkrókur	8	11.230
Seyðisfjörður	7	–
Siglufjörður	2	11.371
Vestmannaeyjar	43	20.233
Samtals	451	156.827
III. Kauptún með 300 íbúa eða fleiri:		
Bíldudalur	2	–
Blönduós	4	6.295
Bolungarvík	4	–
Borgarnes	12	9.853
Búðareyri	–	–
Búðir	4	–
Dalvík	19	4.443
Djúpivogur	5	–
Eskifjörður	6	1.405
Eyrarbakki	3	–
Flateyri	3	2.000
Grafarnes	6	1.008
Grindavík	5	4.751
Hellissandur	2	864
Hnífsdalur	2	2.258
Hofsós	1	670
Hólmavík	–	6.478
Hrísey	2	–
Hvammstangi	5	6.884
Hveragerði	4	436
Höfðakaupstaður	4	–
Höfn í Hornafirði	–	2.685
Njarðvík	23	–
Ólafsvík	16	2.675
Patreksfjörður	7	–
Raufarhöfn	–	2.458
Sandgerði	7	150
Selfoss	23	17.930
Seltjarnarnes	43	–
Stokkseyri	3	–
Stykkishólmur	4	1.588
Suðureyri	1	4.891
Vík í Mýrdal	–	3.230
Vopnafjörður	–	–
Þingeyri	4	–
Þórshöfn	6	3.298
Samtals	230	86.250
IV. Kauptún með færri en 300 íbúa:		
Bakkagerði	3	–
Bakkafjörður	–	–
Borðeyri	–	1.830
Breiðdalsvík	1	200
Búðardalur	1	365
Drangsnes	–	–
Efrafall	2	–
Egilsstaðir	6	–
Flatey á Breiðafirði	–	–
Garðahreppur	5	–
Garður á Reykjanesi	–	–
Grenivík	–	–
Hafnir á Reykjanesi	–	–
Hella á Rangárvöllum	2	–
Hjalteyri	–	–
Hvolsvöllur	1	–
Kaldrananes	–	–
Kópasker	–	4.464
Mosfellssveit	13	7.945
Reyðarfjörður	–	300
Rif á Snæfellsnesi	–	–
Súðavík	–	–
Stöðvarfjörður	–	–
Vogar á Vatnsleysuströnd	2	792
Þorlákshöfn	4	17.338
Samtals	35	33.234
I, II, III og IV samtals	1.358	406.524

31. tafla. Nýbyggingar aðrar en íbúðarhús, sem fullgerðar voru árið 1960 í kaupstöðum, kauptúnum og sveitum.

	Reykjavík m^3	*Kaupstaðir* m^3	*Kauptún* m^3	*Sveitir* m^3	*Samtals* m^3
Skólar	9.276	23.480	3.780	14.203	50.739
Félagsheimili	—	—	—	—	—
Sjúkrahús	—	8.000	3.260	225	11.485
Kirkjur	—	—	2.170	380	2.550
Ýmsar opinberar byggingar	28.973	5.478	3.382	521	38.354
Verksmiðjur og verkstæði	38.548	29.819	34.794	3.005	106.166
Verzlunar- og skrifstofuhús	35.232	15.222	13.855	180	64.489
Vöruskemmur og olíugeymar	165	6.320	10.325	960	17.770
Sláturhús	—	—	9.085	3.256	12.341
Frystihús fyrir landbúnað	—	—	4.585	1.408	5.993
Frystihús fyrir sjávarútveg	18.019	26.850	23.530	—	68.399
Síldar- og fiskmjölsverksmiðjur	—	4.128	1.814	—	5.942
Fiskhús	—	33.885	8.904	1.000	43.789
Gripa- og útihús	—	—	—	308.304	308.304
Aðrar byggingar í landbúnaði	—	3.645	—	—	3.645
Alls	130.213	156.827	119.484	333.442	739.966

32. tafla. Ófullgerðar íbúðir í árslok 1956—1960.

	Íbúðir í smíðum í árslok					*Árleg hreyfing*			
	1956	*1957*	*1958*	*1959*	*1960*	*1957*	*1958*	*1959*	*1960*
Sveitir	267	239	269	227	180	÷ 28	30	÷ 42	÷ 47
Kauptún	466	505	645	682	578	39	140	37	÷104
Kaupstaðir	1.200	1.200	1.416	1.590	1.415	0	216	174	÷175
Reykjavík	1.635	1.598	1.243	1.145	1.000	÷ 37	÷355	÷ 98	÷145
Samtals	3.568	3.542	3.573	3.644	3.173	÷ 26	31	71	÷471

Lánveitingar 1959 og 1960

Venja hefur verið að birta í seinasta hefti Fjármálatíðinda á ári hverju yfirlit yfir lánveitingar þeirra aðila, sem stunda útlánastarfsemi, næsta ár á undan. Vegna þess, hve sumar upplýsingar fyrir 1959 urðu síðbúnar, reyndist eigi unnt að birta þær á venjulegum tíma, og birtast þær þess vegna hér með upplýsingum um árið 1960. Einnig verður hér gerð grein fyrir lánveitingum fjárfestingarlánastofnana á árinu 1960, en þær lágu eigi fyrir nógu snemma til að birtast í 1. hefti Fjármálatíðinda 1961, eins og vera átti.

1. tafla. Útlánaaukning 1959 og 1960 að frátöldum breytingum vegna gengislækkunar.

Í millj. kr.

	1959	*1960*
Útlánaaukning banka	526,9	253,5
—— sparisjóða	92,8	44,2
—— innlánsdeilda kaupfélaga	36,0	6,4
	655,7	304,1
Útlánaaukning Framkvæmdabankans og Mótvirðissjóðs	97,6	50,0
—— fjárfestingarlánastofnana	186,5	359,1
—— tryggingastofnana og lífeyrissjóða	95,1	146,7
—— ríkissjóðs	69,6	168,0
Aukning erlendra skulda	96,2	328,8
	1.200,7	1.356,7
Lán tvítalin að ofan	173,8	393,6
Útlánaaukning, nettó	1.026,9	963,1

Á 1. töflu er sýnt heildaryfirlit yfir útlánaaukninguna árin 1959 og 1960, án þess að með sé talin sú hækkun útlána, sem gengisbreytingin 1960 hafði í för með sér. Á árinu 1959 nam aukningin 1.026,9 millj. kr. og 1960 963,1 millj. kr., en 1958 varð hún 967,1 millj. kr.

Árið 1959 jukust útlán banka um 526,9 millj. kr. og sparisjóða um 92,8 millj. kr. eða alls um 619,7 millj. kr., og er það meiri aukning en áður hefur átt sér stað á einu ári. Þarna er Verzlunarsparisjóðurinn talinn með bönkum, en Seðlabankanum hins vegar sleppt. Sambærilegar tölur fyrir árið 1958 eru 471,7 millj. kr. fyrir bankana og 63,0 millj. kr. fyrir sparisjóðina eða alls 534,7 millj. kr. Á árinu 1960 dró mjög úr útlánaaukningu banka og sparisjóða, og varð hún það ár hjá bönkunum 253,5 millj. kr. og sparisjóðum 44,2 millj. kr. eða alls 297,7 millj. kr. Þessi samdráttur á vafalaust að nokkru rætur að rekja til hinnar miklu hækkunar útlánsvaxta, sem átti sér stað í febrúar 1960, en jafnframt voru strangari hömlur á útlánum það ár en verið höfðu áður.

Innlánsdeildir kaupfélaga stunda ekki sjálfstæða útlánastarfsemi, en allt fé, sem inn í þær kemur, rennur beint til rekstrar viðkomandi kaupfélags, og er því aukning innlánsfjár í þeim talin til útlána. Árið 1959 jókst fé í innlánsdeildum um 36,0 millj. kr., sem er nokkru meira en 1958, er aukningin varð 32,8 millj. kr., og jafnframt mesta aukning, sem orðið hefur hjá þeim á einu ári. Árið 1960 brá svo við, að aukning fjár í innlánsdeildum varð aðeins 6,4 millj.

2. tafla. Lánveitingar og verðbréfakaup tryggingafélaga og eftirlaunasjóða 1959 og 1960.

Í millj. kr.

	Peninga-stofnanir		Ríkissjóður og ríkis-stofnanir		Bæjar- og sveitarfélög og stofnanir þeirra		Byggingar-samvinnu-félög		Aðrir aðilar		Samtals	
	1959	1960	1959	1960	1959	1960	1959	1960	1959	1960	1959	1960
1. Almannatryggingar	1,0	1,6	1,3	3,0	1,7	9,6	0,2	0,3	5,8	5,5	10,0	20,0
2. Lífeyrissjóðir í vörzlu Tryggingastofnunarinnar .	—	—	1,0	3,2	2,9	0,7	21,0	26,9	15,7	19,9	40,6	50,7
3. Atvinnuleysistryggingasj. .	1,5	10,0	1,0	—	4,2	10,7	0,3	—	5,0	7,9	12,0	28,6
4. Brunabótafélag Íslands ...	0	0	—	—	3,8	5,0	0,4	0,2	0,6	1,2	4,8	6,4
5. Önnur tryggingafélög	0,8	0,7	1,5	2,3	2,5	5,3	3,5	3,3	31,7	43,9	40,0	55,5
6. Eftirlaunasjóðir	2,2	0,2	0,1	—	0,6	—	9,9	8,2	27,2	41,4	40,0	49,8
Alls	5,5	12,5	4,9	8,5	15,7	31,3	35,3	38,9	86,0	119,8	147,4	211,0

3. tafla. Verðbréfa- og skuldabréfaeign tryggingafélaga og eftirlaunasjóða í árslok 1959 og 1960.

Í millj. kr.

	Peninga-stofnanir		Ríkissjóður og ríkis-stofnanir		Bæjar- og sveitarfélög og stofnanir þeirra		Byggingar-samvinnu-félög		Aðrir aðilar		Samtals	
	1959	1960	1959	1960	1959	1960	1959	1960	1959	1960	1959	1960
1. Almannatryggingar	11,0	12,0	15,1	14,0	24,8	31,3	2,7	2,6	13,9	15,2	67,5	75,1
2. Lífeyrissjóðir í vörzlu Tryggingastofnunarinnar .	0,5	0,5	4,1	5,7	16,2	15,5	115,2	138,5	61,0	77,3	197,0	237,5
3. Atvinnuleysistryggingasj. .	8,7	15,9	1,9	1,8	8,3	18,6	0,3	0,3	10,9	18,2	30,1	54,8
4. Brunabótafélag Íslands ...	0,9	0,9	0,9	0,7	29,8	32,6	2,4	2,4	4,0	4,6	38,0	41,2
5. Önnur tryggingafélög	3,0	3,6	1,9	4,2	11,4	13,6	15,2	17,4	94,3	122,0	125,8	160,8
6. Eftirlaunasjóðir	7,2	2,9	1,0	1,0	6,1	4,6	54,4	59,2	70,1	106,8	138,8	174,5
Alls	31,3	35,8	24,9	27,4	96,6	116,2	190,2	220,4	254,2	344,1	597,2	743,9

kr. eða tæplega fimmti hluti þess, sem var árið áður. Er þetta þveröfugt við það, sem átti sér stað í öðrum innlánsstofnunum, en innlánaaukning varð þar mun meiri árið 1960 en áður hefur orðið.

Ef borin er saman útlánaaukning innlánsstofnana árin 1959 og 1960, kemur í ljós, að árið 1959 varð hún alls 655,7 millj. kr. eða 88,2 millj. kr. umfram það, sem var 1958, en 1960 varð hún 304,1 millj. kr. eða innan við helming þess, sem var 1959.

Útlán Framkvæmdabankans jukust árið 1959 um 97,6 millj. kr. á móti 200,0 millj. kr. árið 1958. Árið 1960 dró úr aukningunni, og varð hún það ár 50,0 millj. kr., en að auki hækkuðu útlán bankans vegna gengisbreytingar um 470,0 millj. kr., þannig að heildaraukning útlána varð 520,0 millj. kr. samkvæmt reikningum bankans. Hækkunin vegna gengisbreytingar kemur fram á erlendum lánum, sem endurlánuð hafa verið hér innan lands. Nýjar lánveitingar bankans á árinu námu alls 89,0 millj. kr. Af þessum lánveitingum nema erlend lán, sem bankinn hefur tekið og endurlánað hér innan lands, 20,6 millj. kr. Lánveit-

4. tafla. Lánveitingar og verðbréfakaup tryggingafélaga og eftirlaunasjóða 1956—1960.

Í millj. kr.

	1956	1957	1958	1959	1960
1. Almannatryggingar	17,6	10,6	12,0	10,0	20,0
2. Lífeyrissjóðir í vörzlu Tryggingastofnunarinnar	20,4	25,0	36,5	40,6	50,7
3. Atvinnuleysistryggingasjóður	—	11,3	11,2	12,0	28,6
4. Brunabótafélag Íslands	5,0	4,1	4,1	4,8	6,4
5. Önnur tryggingafélög	20,1	14,4	30,9	40,0	55,5
6. Eftirlaunasjóðir	16,6	23,0	29,7	40,0	49,8
Alls	79,7	88,4	124,4	147,4	211,0

5. tafla. Verðbréfa- og skuldabréfaeign tryggingafélaga og eftirlaunasjóða í árslok 1956—1960.

Í millj. kr.

	1956	1957	1958	1959	1960
1. Almannatryggingar	63,6	67,6	69,4	67,5	75,1
2. Lífeyrissjóðir í vörzlu Tryggingastofnunarinnar	115,2	135,3	164,3	197,0	237,5
3. Atvinnuleysistryggingasjóður	0,7	11,9	20,9	30,1	54,8
4. Brunabótafélag Íslands	31,0	34,1	35,8	38,0	41,2
5. Önnur tryggingafélög	80,6	84,5	101,8	125,8	160,8
6. Eftirlaunasjóðir	67,6	84,5	109,9	138,8	174,5
Alls	358,7	417,9	502,1	597,2	743,9

ingarnar skiptust þannig, að til landbúnaðar fór mest eða 23,0 millj. kr. og 20,5 millj. kr. til raforkumála, en 19,4 millj. kr. til sjávarútvegs. Þar af fóru 13,3 millj. kr. til hraðfrystihúsa og 4,0 millj. kr. til kaupa á fiskvinnsluvélum. Til hitaveituframkvæmda voru lánaðar 18,5 millj. kr.

Útlánaaukning annarra fjárfestingarlánastofnana nam alls 186,5 millj. kr. árið 1959 og 359,1 millj. kr. 1960. Er þarna um geysilega aukningu að ræða frá árinu 1958, þegar útlán þessara aðila jukust um 174,3 millj. kr. Auk þessarar miklu aukningar 1960 olli gengisbreytingin í febrúar 1960 85,0 millj. kr. hækkun á útlánum þessara aðila, þ. e. 77,0 millj. kr. hjá Raforkusjóði og 8,0 millj. kr. hjá Fasteignalánafélagi samvinnumanna, en þetta eru einu stofnanirnar, sem endurlánað hafa erlend lán með ákvæðum um gengistryggingu.

Mestu lánveitingarnar á árinu voru úr Fiskveiðasjóði, 182,9 millj. kr., og hefur sjóðurinn aldrei lánað jafnmikið á einu ári áður. Stafar þetta af hinum geysimiklu bátasmíðum, sem samið var um á árinu 1959. Fé þetta var þó ekki allt greitt út á árinu, því að innstæður viðskiptamanna jukust um 84,1 millj. kr. Raforkusjóður lánaði alls 99,1 millj. kr. á árinu, og er það einnig meira en hann hefur áður lánað. Veðdeild Landsbankans lánaði 56,4 millj. kr. og Ræktunarsjóður 49,7 millj. kr.

Útlánaaukning tryggingafélaga og lífeyrissjóða varð alls 95,1 millj. kr. 1959 og 146,7 millj. kr. 1960. Nýjar lánveitingar þessara aðila námu hins vegar 147,4 millj. kr. 1959 og 211,0 millj. kr. 1960. Mestur hluti þessara lána eða 121,3 millj. kr. 1959 og 158,7 millj. kr. 1960 fór til byggingarsamvinnufélaga og annarra einkaaðila. Gera

6. tafla. Lánveitingar fjárfestingarlánastofnana 1956—1960.

Í millj. kr.	*1956*	*1957*	*1958*	*1959*	*1960*
1. Framkvæmdabankinn og Mótvirðissjóður	71,7	207,2	218,6	125,9	89,0
2. Veðdeild Landsbankans	68,0	50,4	53,1	38,3	56,4
3. Veðdeild Búnaðarbankans	3,9	6,7	0,6	7,3	3,4
4. Byggingarsjóður	10,6	11,9	10,3	5,0	13,3
5. Ræktunarsjóður	34,6	42,9	44,8	41,0	49,7
6. Nýbýlasjóður	—	—	—	—	—
7. Smábýladeild	—	—	—	—	—
8. Fiskveiðasjóður	52,0	44,5	38,1	57,9	182,9
9. Stofnlánadeild sjávarútvegsins	—	—	—	—	—
10. Fiskimálasjóður	4,6	4,3	5,0	5,6	6,6
11. Styrktar- og lánasjóður fiskiskipa	0,1	0,3	0,3	0,6	—
12. Framkvæmdasjóður	—	—	—	—	—
13. Iðnlánasjóður	1,8	2,7	3,1	3,7	4,5
14. Raforkusjóður	45,7	63,9	59,9	69,4	99,1
15. Byggingarsjóður verkamanna	4,4	4,6	7,4	12,5	15,6
16. Lánadeild smáíbúðarhúsa	1,1	0,2	0	—	—
17. Fasteignalánafélag samvinnumanna	3,1	1,1	—	—	—
Alls	301,6	440,7	441,2	367,2	520,5

7. tafla. Heildarútlán fjárfestingarlánastofnana í árslok 1956—1960.

Í millj. kr.	*1956*	*1957*	*1958*	*1959*	*1960* I*)	*1960* II*)
1. Framkvæmdabankinn og Mótvirðissjóður	367,8	562,6	762,6	860,2	1.380,2	910,2
2. Veðdeild Landsbankans	125,1	171,2	217,1	246,5	294,1	294,1
3. Veðdeild Búnaðarbankans	14,3	20,7	20,9	27,6	30,5	30,5
4. Byggingarsjóður	79,0	89,2	97,6	100,6	112,0	112,0
5. Ræktunarsjóður	135,4	170,5	205,7	236,2	273,3	273,3
6. Nýbýlasjóður	0,6	0,6	0,5	0,5	0,5	0,5
7. Smábýladeild	0	0	0	0	0	0
8. Fiskveiðasjóður	125,3	153,1	176,3	215,5	372,3	372,3
9. Stofnlánadeild sjávarútvegsins	67,9	63,6	62,2	55,4	49,6	49,6
10. Fiskimálasjóður	19,0	21,2	22,9	25,8	29,7	29,7
11. Styrktar- og lánasjóður fiskiskipa	2,8	2,9	3,1	3,4	3,4	3,4
12. Framkvæmdasjóður	0,9	0,9	0,9	0,8	0,8	0,8
13. Iðnlánasjóður	4,3	5,8	7,2	8,8	11,0	11,0
14. Raforkusjóður	143,4	205,3	261,6	326,1	493,3	416,3
15. Byggingarsjóður verkamanna	55,4	58,9	66,0	78,0	93,6	93,6
16. Lánadeild smáíbúðarhúsa	34,1	31,8	29,0	26,2	23,4	23,4
17. Fasteignalánafélag samvinnumanna	18,2	19,1	17,9	24,0	32,0	24,0
Alls	1.193,5	1.577,4	1.951,5	2.235,6	3.199,7	2.644,7

*) Í I. dálki árið 1960 eru útlánatölurnar, eins og þær koma fyrir í reikningum viðkomandi stofnana. Í II. dálki hefur hækkun sú, sem gengisbreytingin 1960 olli á útlánum einstakra stofnana, verið dregin frá. Mismunurinn á II. dálki 1960 og 1959 sýnir því hina raunverulegu útlánaaukningu fjárfestingarlánastofnana árið 1960.

má ráð fyrir, að af þessum lánum hafi farið að minnsta kosti 78 millj. kr. árið 1959 og 100 millj. kr. árið 1960 til íbúðabygginga. Eins og sjá má á 2. töflu, námu lánveitingar lífeyrissjóða 80,6 millj. kr. 1959, en jukust í 100,5 millj. kr. 1960. Lánveitingar tryggingafélaga, að Tryggingastofnun ríkisins meðtalinni, jukust úr 54,8 millj. kr. 1959 í 81,9 millj. kr. 1960.

Útlánaaukning ríkissjóðs, þ. e. hækkun

á liðnum „Veitt lán" í ríkisreikningi, nam 69,6 millj. kr. 1959 og 168,0 millj. kr. 1960. Auk þess hækkaði þessi liður um 213,0 millj. kr. vegna gengisbreytingarinnar í febrúar 1960. Er þar um að ræða hækkun erlendra lána, sem ríkissjóður hefur tekið á liðnum árum og endurlánað innlendum aðilum. Lánveitingar ríkissjóðs kunna þó að vera til muna hærri en þessar tölur gefa til kynna, þar eð alltaf mun eitthvað vera um breytingar eldri lána ríkissjóðs í óafturkræf framlög. Gildir það einkum um lán, sem veitt hafa verið ríkisstofnunum.

Erlendar skuldir jukust alls um 96,2 millj. kr. árið 1959 og um 328,8 mill. kr. 1960, og er aukningin 1960 miðuð við það gengi, sem var í gildi eftir 20. febrúar 1960. Aukning erlendra skulda nam 100,1 millj. kr. 1958. Nýjar erlendar lántökur námu 186,6 millj. kr. 1959 og 612,0 millj. kr. 1960, en afborganir eldri lána 90,4 millj. kr. 1959 og 283,2 millj. kr. 1960. Nánari upplýsingar um erlend lán 1959 og 1960 er að finna á 31. bls. í 1. hefti Fjármálatíðinda 1960 og á 113. bls. í 2. hefti ritsins 1961.

Eins og áður var allmikið um lánveitingar að ræða milli stofnana, og fer hér á eftir yfirlit yfir þær lánveitingar, sem tvítaldar eru í 1. töflu:

	1959	*1960*
Lán Framkvæmdabanka til Ræktunarsjóðs	37,0	23,0
Lán Framkvæmdabanka til Raforkusjóðs	11,8	9,4
Lán ríkissjóðs til Ræktunarsjóðs	12,5	25,5
Lán ríkissjóðs til Raforkusjóðs	32,1	63,9
Lán ríkissjóðs til veðdeildar Búnaðarbankans	—	3,0
Lán ríkissjóðs til Byggingarsjóðs	—	20,0
Lán bankanna til Raforkusjóðs	8,2	8,5
Erlend lán ríkissjóðs, endurlánuð	29,9	135,6
Erlendar lántökur Framkvæmdabankans	34,6	20,6
Erlend lán samsvarandi innstæðuaukningu viðskiptamanna hjá Fiskveiðasjóði	7,7	84,1
Samtals	173,8	393,6

Þegar tekið hefur verið tillit til lánveitinga milli stofnana og áhrifa gengisbreytingarinnar í febrúar 1960 á útlánin, hafa heildarútlán aukizt um 1.026,9 millj. kr. árið 1959 og 963,1 millj. kr. 1960.

Á 8. töflu er yfirlit yfir skiptingu nýrra lánveitinga fjárfestingarlánastofnana á atvinnugreinar árin 1956—1960.

8. tafla. Skipting nýrra lánveitinga fjárfestingarlánastofnana eftir atvinnugreinum 1956—1960.

Í millj. kr.	*1956*	*1957*	*1958*	*1959*	*1960*
Landbúnaður	38,5	60,4	45,6	38,6	66,4
Sjávarútvegur og fiskvinnsla	68,0	71,9	58,0	75,1	124,8
Verzlun	0,4	—	—	—	—
Iðnaður	46,3	12,1	55,2	16,0	9,9
(þar af Sementsverksmiðjan)	(43,0)	(7,0)	(50,7)	(8,0)	—
Íbúðabyggingar	75,3	63,8	59,6	53,4	72,0
Samgöngur (hafnargerðir)	0,3	6,7	2,5	2,0	2,1
Orkumál	55,1	170,3	114,0	113,5	128,7
(þar af Sogsvirkjunin)	—	(104,9)	—	(27,8)	—
Ýmislegt	2,8	—	—	—	—
Samtals	286,7	385,2	334,9	298,6	403,9

Tölurnar í 8. töflu eru nettótölur, þ. e. lánveitingar milli stofnana hafa verið dregnar frá. Þar eð lánveitingar Fiskveiðasjóðs tákna umsamin lán hans, en ekki greidd lán, hefur hækkun á innstæðum viðskiptamanna einnig verið dregin frá, en hún nam 84,1 millj. kr. á árinu, en aðeins 7,7 millj. kr. árið áður. Árið 1960 var mest lánað til orkumála, en í þann flokk fara lán til raforkumála og jarðhitamála, en til þeirra hefur lítið eða ekki verið lánað áður. Næstmest var lánað til sjávarútvegs eða 124,8 millj. kr. Lán til orkumála námu 128,7 millj. kr., sem er 15,2 millj. kr. meira en árið áður. Lánveitingar til landbúnaðar jukust um 27,8 millj. kr. og lánveitingar til íbúðabygginga um 18,6 millj. kr. Lánveitingar til annarra atvinnugreina breyttust lítið.

Fréttaþættir

Utanríkisviðskipti — Gjaldeyrisstaða bankanna — Úr skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar um Ísland — Útgerð og aflabrögð — Landbúnaður — Verðlagsmál — Peningamarkaðurinn — Gengisskráning.

Utanríkisviðskipti.

Töflur I—IV, sem fylgja þessum fréttaþætti, sýna út- og innflutning árin 1959 og 1960 og á þessu ári. Allar tölur í I. töflu eru umreiknaðar samkvæmt núgildandi gengi, svo og tölur fyrir janúar—september 1960 og 1961 í II. og III. töflu. Tölur fyrir allt árið 1959 í II. og III. töflu eru á því gengi, sem þá gilti, en tölur fyrir allt árið 1960 á genginu, sem tekið var upp í febrúar það ár.

Nú eru fyrir hendi tölur um vöruskiptajöfnuðinn til nóvemberloka (sjá I. töflu). Jöfnuðurinn var á þessum tíma óhagstæður um tæpar 165 millj. króna, en var á sama tíma 1959 óhagstæður um 658 millj. kr. og 1960 um 552,5 millj. kr. Er nú þegar greinilegt, að miklu minni verzlunarhalli verður á þessu ári en verið hefur um fjöldamörg undanfarin ár. Innflutningurinn til nóvemberloka er nú um 10% lægri en á sama tíma í fyrra, en útflutningurinn rúmum 3% hærri. Lækkunin á innflutningnum stafar fyrst og fremst af minni innflutningi skipa og flugvéla á þessu ári en í fyrra.



Utanríkisviðskipti mánaðarlega í millj. kr.

I. tafla. Inn- og útflutningur og verzlunarjöfnuður eftir mánuðum 1959—1961 í millj. kr.

	1959			1960			1961		
	Inn-flutn.	Út-flutn.	Verzl.-jöfn.	Inn-flutn.	Út-flutn.	Verzl.-jöfn.	Inn-flutn.	Út-flutn.	Verzl.-jöfn.
Janúar	209,5	167,0	÷ 42,5	296,7	206,0	÷ 90,7	166,8	212,8	46,0
Febrúar . . .	256,5	290,9	34,4	341,6	323,5	÷ 18,1	208,7	259,6	50,9
Marz	236,8	191,9	÷ 44,9	308,6	194,2	÷ 114,4	233,1	216,7	÷ 16,4
Apríl	290,2	211,4	÷ 78,8	251,0	232,4	÷ 18,6	245,1	190,6	÷ 54,5
Maí	358,3	266,7	÷ 91,6	236,3	211,3	÷ 25,0	317,0	281,6	÷ 35,4
Júní	368,7	293,0	÷ 75,7	434,3	200,7	÷ 233,6	205,1	141,1	÷ 64,0
Júlí	308,3	143,8	÷ 164,5	247,2	154,7	÷ 92,5	473,9	271,1	÷ 202,8
Ágúst	242,7	218,4	÷ 24,3	208,5	236,4	27,9	136,7	173,0	36,3
September . .	274,1	198,2	÷ 75,9	228,1	198,2	÷ 29,9	251,4	298,5	47,1
Október . . .	314,7	290,3	÷ 24,4	261,7	333,8	72,1	335,7	302,0	÷ 33,7
Nóvember . .	278,1	208,0	÷ 70,1	309,7	280,0	÷ 29,7	251,6	313,2	61,6
Desember . .	680,8	309,8	÷ 371,0	660,3	290,1	÷ 370,2			
Samtals	3.818,7	2.789,4	÷1.029,3	3.784,0	2.861,3	÷ 922,7			
Janúar—nóv.	3.137,9	2.479,6	÷ 658,3	3.123,7	2.571,2	÷ 552,5	2.825,1	2.660,2	÷ 164,9

Ath. Allar tölur í þessari töflu eru miðaðar við núverandi gengi.

II. tafla. Útflutningur helztu vöruflokka í millj. kr. og hlutfallstölum (%).

	Allt árið				Janúar—september			
	1959		1960		1960		1961	
	millj. kr.	%	millj. kr.	%	millj. kr.	%	millj. kr.	%
Ísfiskur	26,4	2,5	123,7	4,9	78,3	4,0	115,5	5,6
Frystur fiskur	414,0	39,1	895,9	35,4	757,0	38,7	520,5	25,5
Fryst síld	14,8	1,4	34,0	1,4	30,3	1,5	54,4	2,7
Saltfiskur	116,8	11,0	292,6	11,6	255,0	13,0	357,6	17,5
Hrogn, sölturð og fryst . . .	21,5	2,0	50,9	2,0	50,6	2,6	53,6	2,6
Skreið	74,6	7,0	168,8	6,7	107,5	5,5	185,9	9,1
Saltsíld	98,2	9,3	155,2	6,1	114,4	5,8	185,4	9,1
Þorskalýsi	31,9	3,0	66,7	2,6	41,1	2,1	30,3	1,5
Síldarlýsi	6,1	0,6	203,9	8,1	179,2	9,2	68,8	3,4
Karfalýsi	16,1	1,5	17,6	0,7	9,7	0,5	2,7	0,1
Hvallýsi	5,5	0,5	25,1	1,0	17,2	0,9	7,3	0,4
Fiskmjöl	67,5	6,4	71,5	2,8	37,5	1,9	119,3	5,8
Síldarmjöl	23,8	2,2	99,8	3,9	61,9	3,2	124,4	6,1
Karfamjöl	27,2	2,6	46,4	1,8	39,7	2,0	17,0	0,8
Ull	20,1	1,9	23,6	0,9	21,7	1,1	15,2	0,7
Gærur og skinn	35,3	3,3	72,7	2,9	31,8	1,6	39,1	1,9
Kindakjöt	19,5	1,8	54,1	2,1	22,0	1,2	12,6	0,6
Aðrar vörur	40,0	3,9	129,7	5,1	102,6	5,2	135,4	6,6
Samtals	1.059,3	100,0	2.532,2	100,0	1.957,5	100,0	2.045,0	100,0

ATH. Tölur fyrir jan.—sept. eru á núverandi gengi.

III. tafla. Viðskipti við einstök lönd í millj. kr.

	Innflutningur				Útflutningur			
	Allt árið		Jan.—sept.		Allt árið		Jan.—sept.	
	1959	1960	1960	1961	1959	1960	1960	1961
E.M.A.- og sterling-greiðslusvæðið:								
Danmörk	121,8	384,2	262,8	177,6	28,4	84,3	63,2	77,8
Noregur	52,4	195,3	137,9	101,5	25,0	161,3	170,3	21,8
Svíþjóð	64,8	134,7	102,5	112,9	83,7	156,8	98,3	138,5
Finnland	—	76,5	64,0	56,0	—	71,8	52,4	65,9
Belgía	18,0	37,0	29,7	31,5	0,4	1,6	1,7	0,7
Bretland	138,3	310,2	257,2	270,2	90,1	386,3	243,2	485,6
Frakkland	6,6	16,0	12,1	16,8	16,9	29,6	21,9	23,1
Grikkland	1,6	0,5	0,6	0,2	9,0	24,3	14,7	23,3
Holland	59,6	140,2	97,6	100,0	21,3	87,4	52,0	36,3
Ítalía	28,5	34,9	28,7	25,1	20,0	68,2	56,6	101,0
Portúgal	0,4	1,1	0,8	0,7	35,7	89,4	101,0	101,8
Spánn	10,6	40,8	32,2	24,5	7,6	3,2	0,5	35,6
V.-Þýzkaland	154,9	513,9	357,6	257,7	53,7	177,9	85,8	181,7
Nígería	0,7	3,1	3,2	0,3	46,0	116,5	84,3	79,6
Önnur E.M.A.-lönd	47,9	113,2	95,6	110,2	10,7	25,0	15,8	32,9
E.M.A.-lönd samtals	706,1	2.001,6	1.482,5	1.285,2	448,5	1.483,6	1.061,7	1.405,6
Dollara-greiðslusvæðið:								
Bandaríkin	241,6	457,3	371,2	348,4	179,0	365,2	280,2	326,7
Kanada	3,0	7,7	4,2	5,1	0,1	0,3	0,3	0,1
Kúba	9,2	17,9	17,4	18,3	9,6	34,3	18,3	11,3
Önnur dollaralönd	3,7	16,8	15,5	5,6	2,8	5,1	6,9	4,4
Dollarasvæðið samtals	257,5	499,7	408,3	377,4	191,5	404,9	305,7	342,5
Vöruskiptalönd:								
Finnland	59,3	10,1	11,4	—	31,3	5,6	6,3	—
Pólland	33,6	57,4	51,3	46,5	20,0	33,0	29,3	45,1
Rússland	248,3	462,2	347,9	340,1	193,8	378,0	370,3	80,3
Spánn	14,5	—	—	—	14,0	—	—	—
Tékkóslóvakía	81,3	123,8	110,1	78,6	83,8	102,3	57,2	93,2
A.-Þýzkaland	108,5	122,6	85,4	69,8	57,6	100,3	105,2	26,0
Brasilía	20,6	45,1	39,1	36,7	10,2	22,9	12,8	46,7
Önnur vöruskiptalönd	11,8	16,6	16,5	3,5	8,8	10,9	9,0	5,6
Vöruskiptalönd samt.	577,9	837,8	661,7	575,2	419,5	653,0	590,1	296,9
Samtals	1.541,5	3.339,1	2.552,4	2.237,8	1.059,5	2.541,5	1.957,5	2.045,0

ATH. Tölur fyrir jan.—sept. eru á núverandi gengi.

IV. tafla. Viðskipti við einstök lönd í hlutfallstölum (%).

	Innflutningur				Útflutningur			
	Allt árið		Jan.—sept.		Allt árið		Jan.—sept.	
	1959	1960	1960	1961	1959	1960	1960	1961
E.M.A.- og sterling-greiðslusvæðið:								
Danmörk	8,0	11,3	10,3	7,9	2,7	3,4	3,2	3,8
Noregur	3,4	6,0	5,4	4,5	2,4	6,4	8,7	1,1
Svíþjóð	4,2	4,0	4,0	5,1	7,9	6,2	5,0	6,8
Finnland	—	2,3	2,5	2,5	—	2,8	2,7	3,2
Belgía	1,2	1,1	1,2	1,4	0,0	0,1	0,1	0,0
Bretland	8,9	9,2	10,1	12,1	8,5	15,2	12,4	23,8
Frakkland	0,4	0,5	0,5	0,8	1,6	1,2	1,1	1,1
Grikkland	0,1	0,0	0,0	0,0	0,8	1,0	0,8	1,1
Holland	3,9	4,2	3,8	4,5	2,0	3,5	2,6	1,8
Ítalía	1,8	1,0	1,1	1,1	1,9	2,7	2,9	4,9
Portúgal	0,0	0,0	0,0	0,0	3,4	3,5	5,2	5,0
Spánn	0,7	1,2	1,3	1,1	0,7	0,1	0,0	1,7
V.-Þýzkaland	10,1	15,5	14,0	11,5	5,1	7,0	4,4	8,9
Nígería	0,0	0,1	0,1	0,0	4,3	4,6	4,3	3,9
Önnur E.M.A.-lönd	3,1	3,4	3,8	4,9	1,0	0,8	0,8	1,6
E.M.A.-lönd samtals	45,8	59,8	58,1	57,4	42,3	58,5	54,2	68,7
Dollara-greiðslusvæðið:								
Bandaríkin	15,7	13,7	14,5	15,6	16,9	14,1	14,3	16,0
Kanada	0,2	0,2	0,2	0,2	0,0	0,0	0,0	0,0
Kúba	0,6	0,6	0,7	0,8	0,9	1,4	0,9	0,6
Önnur dollaralönd	0,3	0,5	0,6	0,3	0,3	0,3	0,4	0,2
Dollarasvæðið samtals	16,8	15,0	16,0	16,9	18,1	15,8	15,6	16,8
Vöruskiptalönd:								
Finnland	3,9	0,3	0,4	—	3,0	0,2	0,3	—
Pólland	2,2	1,8	2,0	2,1	1,9	1,3	1,5	2,2
Rússland	16,0	13,9	13,6	15,2	18,3	14,9	18,9	3,9
Spánn	0,9	—	—	—	1,3	—	—	—
Tékkóslóvakía	5,3	3,7	4,3	3,5	7,9	4,0	2,9	4,5
A.-Þýzkaland	7,0	3,7	3,4	3,1	5,4	4,0	5,4	1,3
Brasilía	1,3	1,3	1,6	1,6	1,0	0,9	0,6	2,3
Önnur vöruskiptalönd	0,8	0,5	0,6	0,2	0,8	0,4	0,5	0,3
Vöruskiptalönd samt.	37,4	25,2	25,9	25,7	39,6	25,7	30,1	14,5
Samtals	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

Í II. töflu er sýndur útflutningur helztu vöruflokka fyrstu níu mánuði yfirstandandi árs og ársins 1960. Samsetningur útflutningsins hefur breytzt nokkuð, þótt ekki sé um stórvægilegar breytingar að ræða. Þannig hefur nokkur aukning orðið á útflutningi ísfisks, saltfisks, harðfisks, saltsíldar, síldarmjöls og fiskmjöls. Hins vegar hefur útflutningur dregizt saman um meira en helming á lýsi alls konar og karfamjöli og einnig minnkað verulega á freðfiski og frystu kindakjöti.

Í III. töflu er inn- og útflutningi skipt á lönd, og í IV. töflu er sama skipting í hlutfallstölum. Hlutfallslegar breytingar á innflutningnum frá einstökum löndum og greiðslusvæðum hafa verið óverulegar fyrstu þrjá fjórðunga þessa árs miðað við sama tímabil 1960. Hins vegar hefur útflutningurinn aukizt nokkuð til dollarasvæðisins og verulega til annarra landa, sem verzlað er við í frjálsum gjaldeyri, en minnkað um rúmlega helming til vöruskiptalandanna. Munar þar mestu, að útflutningur til Rússlands hefur dregizt saman úr 370 millj. kr. 1960 í 80 millj. kr. 1961. Einnig hefur útflutningur til A.-Þýzkalands minnkað úr 105 í 26 millj. kr. Útflutningur hefur á hinn bóginn aðallega aukizt til Bretlands, úr 243 í 486 millj. kr. eða um helming. Þessa aukningu má aðallega rekja til aukinnar sölu á síldarafurðum, skreið, freðfiski, fiskmjöli og ísfiski.

Gjaldeyrisstaða bankanna.

Yfirlit yfir gjaldeyrisstöðu bankanna er sýnt í V. töflu. Tölurnar eru umreiknaðar úr erlendri mynt í íslenzkar krónur á gildandi gengi á hverjum tíma nema 8. liður töflunnar, sem sýnir gjaldeyrisstöðuna í heild umreiknaða til núverandi gengis.

Þróun gjaldeyrismála frá ársbyrjun til nóvemberloka 1961 hefur verið þannig, þegar litið er á gjaldeyrisstöðuna í heild, að gjaldeyrisstaðan hefur batnað um 266,7 millj. kr., en á sama tímabili 1960 batnaði staðan um 200,2 millj. kr. Á þessu tímabili hefur staðan farið batnandi í hverjum mánuði að febrúarmánuði og júlímánuði undan-

Gjaldeyrisstaða bankanna.



skildum. Í einum mánuði batnaði staðan mest í október um 138,4 millj. kr. Þegar litið er á gjaldeyrisstöðuna annars vegar í frjálsum gjaldeyri og hins vegar í vöruskiptagjaldeyri, kemur í ljós, að staðan hefur batnað um 455 millj. kr. í frjálsum gjaldeyri, en versnaði um 188 millj. kr. í vöruskiptagjaldeyri frá ársbyrjun 1961 til nóvemberloka.

Stuttar ábyrgðir, þ. e. til eins árs eða skemmri tíma, námu 289 millj. kr. í lok nóvember 1961, en 295 millj. kr. í árslok 1960. Aðrar greiðsluskuldbindingar bankanna til eins árs eða skemmri tíma námu 294 millj. kr. í nóvemberlok 1961 á móti 233 millj. kr. í ársbyrjun. Ýmsar óinnkomnar kröfur á útlönd námu 122 millj. kr. í lok nóvember sl. á móti 151 millj. kr. í ársbyrjun. Gjaldeyrisstaða bankanna að viðbættum óinnkomnum kröfum á útlönd, en frádregnum stuttum ábyrgðum og greiðsluskuldbindingum, var 68 millj. kr. skuldbindingar umfram eign í lok nóvembermánaðar 1961, en var 251 millj. kr. í ársbyrjun. Staðan, að kröfum og skuldbindingum meðtöldum, hefur því batnað um 183 millj. kr. á tímabilinu.

Birgðir útflutningsafurða námu 838 millj. kr. í nóvemberlok 1961, en 589 millj. kr. í byrjun ársins. Verðmæti útflutningsvöru-

V. tafla. Gjaldeyrisstaða bankanna.

Í þús. kr.	Erl. bankar, verðbréf og mynt, nettó (1)	Víxlar og aðrar innheimtur á útlönd (2)	Skuld við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (3)	Skuld við Evrópusjóðinn (4)	Staða í frjálsum gjaldeyri samtals (5)	Staða í vöruskiptagjaldeyri (6)	Gjaldeyrisstaða samtals: Skv. gengi á hverjum tíma (7)	Gjaldeyrisstaða samtals: Umreiknað skv. núverandi gengi (8)
Árslok 1955 ..	66.031	61.837	—	—	127.868	÷ 19.521	**108.347**	286.144
Árslok 1956 ..	67.518	27.919	—	—	95.437	÷ 33.372	**62.065**	163.914
Árslok 1957 ..	9.989	22.378	—	—	32.367	÷ 17.813	**14.554**	38.437
Árslok 1958 ..	100.887	7.293	—	—	108.180	÷ 21.651	**86.529**	228.523
1959:								
Janúar	85.362	8.552	—	—	93.914	÷ 26.605	**67.309**	177.763
Febrúar ...	82.033	9.642	—	—	91.675	÷ 431	**91.244**	240.975
Marz	64.423	10.482	—	—	74.905	÷ 7.747	**67.158**	177.364
Apríl	58.949	11.520	—	—	70.469	÷ 11.762	**58.707**	155.045
Maí	40.871	13.038	—	—	53.909	÷ 19.004	**34.905**	92.184
Júní	54.165	6.212	—	—	60.377	÷ 46.573	**13.804**	36.456
Júlí	28.786	11.123	—	—	39.909	÷ 23.954	**15.955**	42.137
Ágúst	7.167	8.382	—	—	15.549	÷ 24.368	÷ **8.819**	÷ 23.291
September .	÷ 19.437	7.760	—	—	÷ 11.677	÷ 35.774	÷ **47.451**	÷ 125.318
Október ...	÷ 12.954	7.013	—	—	÷ 5.941	÷ 6.094	÷ **12.035**	÷ 31.784
Nóvember .	÷ 16.003	10.332	—	—	÷ 5.671	÷ 29.657	÷ **35.328**	÷ 93.301
Desember ..	÷ 46.389	5.986	—	—	÷ 40.403	÷ 14.031	÷ **54.434**	÷ 143.760
1960:								
Janúar	÷ 70.475	4.747	—	—	÷ 65.728	÷ 25.980	÷ **91.708**	÷ 242.201
Febrúar ...	÷ 104.628	9.479	÷ 107.281	—	÷ 202.430	11.173	÷ **191.257**	÷ 216.120
Marz	145.934	22.889	÷ 107.815	÷ 190.000	÷ 128.992	87.285	÷ **41.707**	÷ 47.129
Apríl	153.748	50.074	÷ 107.943	÷ 190.000	÷ 94.121	134.756	**40.635**	45.918
Maí	196.996	62.016	÷ 184.134	÷ 190.000	÷ 115.122	154.654	**39.532**	44.671
Júní	239.731	88.407	÷ 184.134	÷ 266.000	÷ 121.996	156.860	**34.864**	39.393
Júlí	190.124	76.345	÷ 184.134	÷ 266.000	÷ 183.665	132.858	÷ **50.807**	÷ 57.412
Ágúst	313.275	41.521	÷ 260.327	÷ 266.000	÷ 171.531	104.376	÷ **67.155**	÷ 75.885
September .	321.838	21.470	÷ 260.327	÷ 266.000	÷ 183.019	100.593	÷ **82.426**	÷ 93.141
Október ...	417.238	23.505	÷ 260.327	÷ 266.000	÷ 85.584	106.880	**21.296**	24.064
Nóvember .	461.459	26.174	÷ 260.327	÷ 266.000	÷ 38.694	88.658	**49.964**	56.459
Desember ..	502.009	25.378	÷ 260.327	÷ 266.000	1.060	111.233	**112.293**	126.891
1961:								
Janúar	534.501	16.863	÷ 260.327	÷ 266.000	25.037	108.903	**133.940**	151.352
Febrúar ...	512.095	36.360	÷ 260.327	÷ 266.000	22.128	87.187	**109.315**	123.526
Marz	579.052	24.187	÷ 260.327	÷ 266.000	76.912	54.050	**130.962**	147.987
Apríl	602.073	19.624	÷ 260.327	÷ 266.000	95.370	36.173	**131.543**	148.644
Maí	626.997	20.103	÷ 260.327	÷ 266.000	120.773	12.677	**133.450**	150.799
Júní	680.743	7.665	÷ 260.327	÷ 266.000	162.081	÷ 28.613	**133.468**	150.819
Júlí	669.474	29.027	÷ 260.327	÷ 266.000	172.174	÷ 67.381	**104.793**	118.416
Ágúst	848.257	41.906	÷ 294.562	÷ 301.000	294.601	÷ 64.225	**230.376**	230.376
September .	887.263	44.473	÷ 294.562	÷ 301.000	336.174	÷ 85.456	**250.718**	250.718
Október ...	1.026.838	21.439	÷ 294.562	÷ 301.000	452.715	÷ 63.640	**389.075**	389.075
Nóvember .	1.045.526	5.982	÷ 294.562	÷ 301.000	455.946	÷ 62.324	**393.622**	393.622

Skýringar við V. töflu. Allar tölur í töflunni, að undanskildum 8. lið, eru miðaðar við skráð gengi á hverjum tíma, þ. e. tölur frá árslokum 1955 til janúarloka 1960 eru miðaðar við skráð gengi fyrir gengisbreytinguna í febrúar 1960, en tölur frá og með ágúst 1961 eru miðaðar við gengi eftir 4. ágúst 1961. Ef umreikna á eldri tölur til núverandi gengis, þarf að margfalda tölur fyrir tímabilið 1955—janúar 1960 með 264,1, en með 113,0 fyrir tímabilið febrúar 1960—júlí 1961.

1. liður töflunnar sýnir aðstöðu bankanna gagnvart erlendum bönkum, verðbréfaeign, gulleign Seðlabankans, gullframlag til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, seðla og erlenda mynt.
2. liður sýnir eign bankanna af víxlum og ávísunum, sem greiðast eiga í erlendum gjaldeyri.
3. liður sýnir, hve mikið er búið að nota af yfirdráttarláni hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.
4. liður sýnir, hve mikið er búið að nota af lánsheimild hjá Evrópusjóðnum.
5. liður sýnir aðstöðuna í frjálsum gjaldeyri samtals.
6. liður sýnir stöðuna í vöruskiptagjaldeyri.
7. liður sýnir heildargjaldeyrisstöðuna.
8. liður sýnir heildargjaldeyrisstöðuna umreiknaða samkvæmt núverandi gengi.

birgða hefur því aukizt um 249 millj. kr. á tímabilinu.

Allar tölur í þessum fréttaþætti eru miðaðar við núverandi gengi.

Úr skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar um Ísland.

Efnahags- og framfarastofnunin (O.E.C.D.) mun eins og fyrirrennari hennar, Efnahagssamvinnustofnun Evrópu (O.E.E.C.), gera á hverju ári yfirlit yfir ástand og horfur í efnahagsmálum meðlimaríkja sinna. Skýrslan um þróun efnahagsmála á Íslandi árin 1960 og 1961 og þau verkefni, sem framundan eru, var gefin út fyrir skömmu.

Í inngangi skýrslunnar segir svo:

„Á árunum 1950—1960 ríkti á Íslandi mikil verðbólga, sem að verulegu leyti mátti rekja til mikillar fjárfestingar. Um langt skeið leituðust stjórnarvöldin við að hamla á móti afleiðingum ofþenslunnar — stöðugum verðhækkunum innan lands og miklum greiðsluhalla út á við — með flóknu kerfi niðurgreiðslna, margfalds gengis og viðskiptahafta. Með þessum ráðstöfunum reyndist kleift að halda uppi og auka útflutningsframleiðslu þrátt fyrir ört hækkandi tilkostnað. Á hinn bóginn beindust þessar ráðstafanir ekki gegn uppsprettu verðbólgunnar, og þær leiddu til þess, að eðlileg verðmyndun fór úr skorðum, og framleiðsla og erlend viðskipti beindust inn á óeðlilegar brautir.

Á þessu varð róttæk breyting snemma á árinu 1960, þegar íslenzka ríkisstjórnin lagði fram viðreisnaráætlun í þeim tilgangi að draga úr of mikilli eftirspurn, koma á jafnvægi í erlendum greiðslum og taka aftur upp eðlilega skipun efnahagsmála. Aðalatriði viðreisnaráætlunarinnar voru þessi: Sett var eitt gengi fyrir krónuna, og fól það í sér verulega gengislækkun; settar voru strangar hömlur gegn útþenslu bankalána; komið var á jafnvægi í tekjum og gjöldum ríkissjóðs; skattar voru lækkaðir og bætur almannatrygginga og niðurgreiðslur neyzluvara auknar með það fyrir augum að draga úr áhrifum gengislækkunarinnar á lífskjörin; innflutningur var gefinn frjáls í áföngum. Viðreisnaráætlunin hlaut stuðning Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu, sem veittu Íslandi yfirdráttarlán, sem námu allt að 20 milljónum dollara.

Vel gekk að framkvæma viðreisnaráætlunina árið 1960, og var þeirri framkvæmd haldið áfram árið 1961 með minni háttar breytingum. Á fyrstu fimmtán mánuðum áætlunarinnar mátti sjá af henni verulegan árangur: Dregið hafði úr of mikilli eftirspurn, verðlag hafði orðið stöðugra eftir óhjákvæmilegar breytingar af völdum gengislækkunarinnar, sparnaður innan lands jókst hröðum skrefum, og gjaldeyrisstaðan hafði batnað verulega.

Mikið af því, sem þannig hafði áunnizt, fór hins vegar forgörðum vegna langvarandi verkfalla á fyrra hluta árs 1961, er enduðu með almennum launahækkunum, sem námu um það bil 16%. Þessar launahækkanir leiddu til stóraukinnar eftirspurnar án samsvarandi aukningar framleiðslu. Afleiðingin gat því ekki orðið önnur en stóraukinn innflutningur, sem ómögulegt var að greiða af samtíma tekjum af útflutningi eða gjaldeyrisforðanum, sem enn var lítill. Samtímis hafði framleiðslukostnaður útflutningsatvinnuveganna aukizt svo mjög, að við blasti stöðvun rekstrar, enda gátu þessir atvinnuvegir ekki hækkað söluverð afurða sinna, sem ákvarðast af aðstæðum á heimsmarkaðinum. Ríkisstjórninni var því nauðugur einn kostur að gera ráðstafanir til að gengið væri lækkað á ný hinn 4. ágúst 1961 úr 38 í 43 krónur á móti Bandaríkjadollar."

★

Í skýrslunni eru síðan rædd ítarlega einstök atriði hagþróunarinnar 1960—1961. Í sérstökum kafla um launahækkanirnar vorið 1961 og gengislækkunina segir meðal annars svo: „Þær launahækkanir, sem þannig náðust, fóru langt fram úr þeirri framleiðsluaukningu og þeirri hækkun útflutningsverðlags, sem átt hafði sér stað eða búast mátti við á næstu árum. Þær gátu aðeins leitt til mjög aukinnar eftirspurnar og

samsvarandi aukningar innflutnings. Þær hlutu að koma sjávarútveginum í hinar verstu ógöngur, þar sem hann annars vegar varð að sæta mikilli hækkun tilkostnaðar, en varð hins vegar að búa við lítt breytanlegt verðlag afurða sinna. Gegn þessu varð ekki unnið með fjármálalegum og peningalegum aðgerðum, án þess að af því hefði leitt samdrátt og atvinnuleysi, er reynzt hefði óbærilegt. Því var eina leiðin, sem opin var íslenzku ríkisstjórninni, sú að lækka gengi krónunnar á nýjan leik."

Í lokaorðum skýrslu O.E.C.D. um Ísland segir á þessa leið:

„Horfur í íslenzkum efnahagsmálum á næstunni eru óvissar. Gert er ráð fyrir, að launahækkanirnar á sl. sumri muni leiða til heildarhækkunar tekna um 500—600 millj. kr. eða um 10% þjóðarteknanna. Með því að framleiðslan getur ekki aukizt skyndilega og mikill hluti þjóðarteknanna (um 50%) fer til greiðslna á innflutningi, má ætla, að þessi aukning tekna mundi um það bil að jöfnu hafa leitt til hærra verðlags innan lands og til aukins innflutnings. Hin nýja gengislækkun mun að öllum líkindum að mestu koma í veg fyrir aukningu innflutningsins. — — —"

„Erfitt er að segja fyrir um, hver áhrifin verða á hagkerfið af þessari skyndilegu og miklu breytingu tekna og verðlags. Einkum er hætta á, að nýafstaðin reynsla af launahækkunum með eftirfarandi gengislækkun geti leitt til þess, að sá verðbólguhugsunarháttur, sem var að byrja að hverfa, vakni að nýju. Mikil nauðsyn er því að hafa áfram fulla aðgát í fjármálum og peningamálum og herða enn meira á þeirri aðgát, ef mögulegt er. Það er áríðandi, að jafnvægi sé á milli tekna og gjalda ríkissjóðs á árinu 1962. Aukning bankaútlána verður að haldast algerlega innan þeirra marka, sem þróun framleiðslu og viðskipta réttlæta. Ráðlegt gæti verið af þessu tilefni að bæta þær aðferðir, sem notaðar eru við stjórn peningamála, eða beita þeim af meiri sveigjanleika, þar sem þróun mála árin 1960 og 1961 sýnir, að Seðlabankinn hefur ekki alltaf nægilegt vald yfir útlánum bankanna.

Á hinn bóginn er hætta á, að áframhald viðreisnarinnar verði torveldað af nýjum tilraunum verklýðsfélaganna til að auka laun að krónutölu með beitingu uppsagnarákvæðanna í hinum nýju samningum. Ekkert tækifæri ætti að láta ónotað til að reyna að sannfæra almenning um það, að hækkun launa í krónum án samsvarandi aukningar framleiðslu er gagnslaus. Betri skilningur innan þjóðfélagsins gæti skapazt við það, að stjórnarvöldin hefðu yfirlýsta stefnu í launamálum, sem tengdi raunverulegar launagreiðslur við þróun framleiðslunnar. Með því að taka upp slíka stefnu gæti ríkisstjórnin gert heyrum kunna þá ætlun sína að stuðla að launahækkunum, er rúmuðust innan hinna settu marka, en grípa hins vegar til almennra efnahags- og fjármálalegra ráðstafana gegn óhóflegum launahækkunum, sem væru launþegunum gagnslausar og aðeins myndu verða til þess að koma hagkerfinu úr jafnvægi. Væri slík stefna í launamálum tekin upp, væri æskilegt að tengja hana framkvæmdaáætlun þeirri, sem nú er í undirbúningi.

Nýliðnir atburðir hafa nokkuð dregið athyglina frá þeim vandamálum íslenzks efnahagslífs, sem eru varanlegs eðlis. Einn aðaltilgangur viðreisnarinnar var þó einmitt sá að leggja trausta hornsteina að framþróun íslenzks efnahagslífs. Slík framþróun, er haldizt gæti til langframa, er þó vart hugsanleg án mikilvægra breytinga í uppbyggingu þjóðarbúskaparins, sem miðuðu að aukinni fjölbreytni í framleiðslu og útflutningi. Þetta krefst verulegrar fjárfestingar á komandi árum, og með því að ráðstöfunarfé er takmarkað, er nauðsynlegt, að vandað sé mjög til vals fjárfestingarverkefna. Sérfræðingar á vegum Framleiðnistofnunar Evrópu (European Productivity Agency) vinna nú í Reykjavík að undirbúningi framkvæmdaáætlunar. Efnahags- og framfarastofnunin er reiðubúin að kynna sér áætlunina, þegar hún liggur fyrir, og taka til athugunar, á hvern hátt hún gæti aðstoðað við framkvæmd hennar. Ein leið að því marki er augljóslega að koma á frjálslegri

VI. tafla. Fiskafli, sundurliðaður á togara og báta, frá janúar 1959 til september 1961.

	1959			1960			1961		
	Togarar tonn	Bátar tonn	Samtals tonn	Togarar tonn	Bátar tonn	Samtals tonn	Togarar tonn	Bátar tonn	Samtals tonn
Janúar	13.464	14.760	28.224	5.726	19.471	25.197	4.466	18.384	22.850
Febrúar . . .	7.675	11.735	19.410	7.961	25.828	33.789	4.503	24.721	29.224
Marz	13.500	49.228	62.728	8.425	61.944	70.369	8.272	46.822	55.094
Apríl	14.635	68.122	82.757	10.214	62.433	72.647	8.325	70.450	78.775
Maí	16.886	29.037	45.923	10.697	21.537	32.234	11.375	30.832	42.207
Júní	10.582	9.375	19.957	13.766	49.014	62.780	2.486	34.686	37.172
Júlí	14.427	86.820	101.247	13.002	50.111	63.113	3.378	135.647	139.025
Ágúst	24.073	74.156	98.229	8.863	40.225	49.088	10.470	85.265	95.735
September . .	11.353	17.783	29.136	7.021	12.240	19.261	5.175	10.515	15.690
Október . . .	12.316	7.767	20.083	15.478	13.984	29.462			
Nóvember . .	7.218	13.811	21.029	6.206	24.986	31.192			
Desember . .	10.288	25.397	35.685	6.316	18.296	24.612			
Samtals	156.417	407.990	564.407	113.675	400.069	513.744			
Janúar—sept.	126.595	361.015	487.610	85.675	342.803	428.478	58.450	457.322	515.772

viðskiptaháttum fyrir íslenzkar útflutningsafurðir en verið hafa, þar sem útflutningur þeirra torveldast af verndarstefnu sumra aðildarríkjanna. Ráð O.E.E.C. hafði þegar samþykkt tilmæli um þetta til aðildarríkja sinna, og það verður nú hlutverk aðildarríkja O.E.C.D. að láta þessi tilmæli koma til framkvæmda."

Útgerð og aflabrögð.

Heildarafli landsmanna fyrstu níu mánuði þessa árs nam tæpum 516 þúsund tonnum á móti rúmum 428 þúsund tonnum á sama tíma í fyrra og jókst þannig um rúm 20%. Öll aukningin á rætur sínar að rekja til meiri síldarafla, en hann var 251 þús. tonn á tímabilinu á móti 111 þús. tonnum á sama tíma 1960 og jókst þannig um meira en helming. Hins vegar dróst þorskaflinn saman úr 316 þús. tonnum í 262 þús. tonn eða um 17%. Af einstökum tegundum þorskaflans var samdráttur mestur á þorski eða úr 221 í 176 þús. tonn, á karfaafla, sem minnkaði um tæpan helming, og nokkur á keiluafla. Flatfiskaflinn jókst aftur á móti, svo og steinbíts- og ufsaaflinn.

Aflamagnið skiptist þannig eftir helztu verkunaraðferðum fyrstu þrjá fjórðunga þessa árs, að 126 (169) þús. tonn fóru til frystingar, 55 (17) þús. tonn af síld til söltunar, 65 (68) þús. tonn af öðrum fiski til söltunar, 43 (51) þús. tonn í herzlu og 181 (91) þús. tonn af síld í verksmiðjur. Út voru flutt 24 (16) þús. tonn af ísuðum fiski og síld. Tölur innan sviga eiga við sama tímabil 1960.

Söluferðir með ísfisk á erlendan markað urðu til nóvemberloka 1961 alls 152 til V.-Þýzkalands og 149 til Bretlands. Fob.-verðmæti þess útflutnings var miðað við núverandi gengi rúmar 86 millj. kr. til V.-Þýzkalands og 75 millj. kr. til Bretlands. Togarar sigldu með meginhluta aflans, en önnur skip sigldu með afla samtals að verðmæti 9 millj. kr. til V.-Þýzkalands í 31 söluferð og til Bretlands með afla fyrir 24 millj. kr. í 80 söluferðum. Allt árið 1960 voru samtals farnar 177 söluferðir til V.-Þýzkalands og 63 til Bretlands. Fob.-verð aflans var áætlað samtals 85 millj. kr. til V.-Þýzkalands og 51 millj. kr. til Bretlands, hvort tveggja miðað við núverandi gengi.

Haustsíldveiðar sunnan lands hófust um

VII. tafla. Fiskaflinn 1959—1961, skipt á fisktegundir.

Miðað er við fiskinn slægðan með haus að öðru leyti en því, að síld og annar fiskur í verksmiðjur er talinn óslægður úr sjó.

	Allt árið		1.—3. ársfjórðungur		3. ársfj.
	1959	1960	1960	1961	1961
	tonn	tonn	tonn	tonn	tonn
Skarkoli	875	3.133	1.934	3.518	2.664
Heilagfiski	1.048	1.680	1.187	1.214	453
Annar flatfiskur	1.716	2.462	1.948	2.457	1.565
Þorskur	232.052	243.396	220.511	175.589	22.146
Ýsa	18.704	33.716	23.963	27.086	10.308
Langa	2.211	5.411	4.374	4.034	397
Steinbítur	8.745	8.629	7.740	11.338	2.437
Karfi	99.329	55.859	40.019	23.464	12.824
Ufsi	12.008	10.236	6.712	8.374	3.135
Keila	3.032	7.023	5.488	3.677	170
Síld	182.887	136.438	111.084	250.805	192.415
Humar	...	1.975	1.819	1.488	687
Rækja	...	1.336	...	990	560
Ósundurliðað	1.800	2.450	1.699	1.738	689
Samtals	564.407	513.744	428.478	515.772	250.450

miðjan október. Hafa veiðarnar nú eingöngu verið stundaðar með herpinót, og hafa aflabrögð verið góð. Í lok ársins var aflinn á haustsíldveiðunum orðinn sem hér segir: bræðslusíld 343.700 (69.084) mál, saltsíld 85.770 (34.327) tunnur, fryst síld 115.000 (75.549) tunnur og ísað til útflutnings 24.515 (12.676) tunnur. Tölurnar innan sviga eru fyrir samsvarandi tímabil 1960.

Landbúnaður.

Framleiðsla landbúnaðarafurða var mjög mikil á árinu 1961, bæði kjöt- og mjólkurframleiðsla. Tíðarfar var yfirleitt gott á árinu, en sumarið nokkuð misjafnt eftir landshlutum, gott sunnan lands og vestan, en lakara norðan og austan.

Samkvæmt bráðabirgðatölum var kjötframleiðsla í sláturhúsum rúmlega 11.700 tonn, og slátrað var um 820 þúsund kindum. Aukning kjötframleiðslunnar frá árinu áður var um 1.300 tonn eða 13%, og er það aðallega dilkakjötsframleiðslan, sem hefur aukizt. Fjöldi sláturfjár hefur hins vegar vaxið meira en kjötframleiðslan eða um 15%, enda var meðalkroppþungi dilka nokkru minni en árið áður.

Líkur benda til þess, að kartöfluuppskeran hafi orðið mun meiri á síðastliðnu hausti en haustið áður. Samkvæmt mjög lauslegum áætlunum hefur hún orðið um 140—150 þúsund tunnur, og er það um fimmtungi meira en árið áður. Gert er ráð fyrir, að þetta magn nægi til innanlandsneyzlu og ríflega það.

Í IX. töflu eru upplýsingar um framleiðslu og sölu mjólkurafurða til septemberloka 1961. Móttekin mjólk til mjólkurbúa jókst mjög frá árinu á undan eða um 10%. Sala nýmjólkur jókst miklu minna, og fór því meira mjólkurmagn til vinnslu en áður. Töluverð aukning varð á smjörsölu, en þrátt fyrir það varð mikil aukning á smjörbirgðum.

VIII. tafla. Hagnýting fiskaflans 1959—1961.

Aflinn talinn eins og í VII. töflu.

	Allt árið		1.—3. ársfjórðungur		3. ársfj.
	1959	1960	1960	1961	1961
	tonn	tonn	tonn	tonn	tonn
Ísaður fiskur og síld	13.646	29.070	16.236	24.114	4.456
Fiskur til frystingar	236.170	200.032	169.111	125.506	37.598
Fiskur í herzlu	44.981	56.098	51.359	43.028	1.945
Fiskur í niðursuðu	70	—	—	114	114
Fiskur til söltunar	69.382	74.866	68.244	64.532	9.074
Síld til söltunar	36.334	21.834	17.278	55.075	37.466
Síld til frystingar	14.788	9.771	2.352	10.730	2.726
Síld í verksmiðjur	131.444	103.546	90.809	180.767	152.110
Annar fiskur í verksmiðjur	10.706	6.580	4.847	3.227	1.510
Innanlandsneyzla	6.886	8.636	6.423	6.201	2.204
Skelfiskur til frystingar	...	2.973	1.819	2.235	1.130
Skelfiskur í niðursuðu	...	338	...	243	117
Samtals	564.407	513.744	428.478	515.772	250.450

IX. tafla. Framleiðsla og sala mjólkurafurða 1959—1961.

	Allt árið		1.—3. ársfjórðungur		3. ársfj.
	1959	1960	1960	1961	1961
Móttekin mjólk ... tonn	69.575	75.915	60.057	66.007	25.084
Seld nýmjólk ... þús. ltr.	32.853	35.411	26.259	26.912	8.697
Seldur rjómi ... þús. ltr.	939	972	720	730	232
Framleitt smjör ... tonn	913	1.100	937	1.186	553
Selt smjör ... tonn	995	1.059	746	944	. .
Framleitt skyr ... tonn	1.797	1.793	1.370	1.424	516
Framleiddur mjólkurostur ... tonn	649	508	454	539	219
Seldur mjólkurostur ... tonn	564	563	437	459	. .
Framleiddur mysuostur ... tonn	50	47	34	32	9
Mjólk í niðursuðu ... þús. ltr.	152	37	6	96	43
Undanrenna í kasein ... þús. ltr.	5.624	8.370	6.425	8.790	3.341
Framleitt nýmjólkurduft ... tonn	48	41	39	33	11
Framleitt undanrennuduft ... tonn	396	555	515	711	344



X. tafla. Vísitala framfærslukostnaðar.
Marz 1959 = 100.

	1957	*1958*	*1959*	*1960*	*1961*
Janúar	92	94	105	100	104
Febrúar	92	94	102	100	104
Marz	93	95	100	101	104
Apríl	93	95	100	104	104
Maí	94	95	100	105	104
Júní	94	95	100	105	104
Júlí	94	98	100	103	105
Ágúst	94	100	100	104	106
